



ÓLAFUR JÓHANNESSON

Frumrásir Africa
United á Yamagata-
háttíðinni í Japan

FÓLK 30 ▶



NÝR KONUNGLEGUR!
ÍSKALDUR
FAKE
ROYAL
LÉTTUR ÖLLARI

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

4. október 2005 – 267. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Ríkisstjórnin sögð í afneitun

Árni Mathiesen fjármálaráðherra kynnti fjárlög næsta árs í gær en þau gera meðal annars ráð fyrir fjórtán milljarða króna afgangi. Stjórnarandstaðan segir að ríkisstjórnin sé á afneitunarstigi og horfist ekki í augu við jafnvægisleysið í þjóðarþúskapnum.

FJÁRLÖG Ráðgert er að ríkissjóður verði rekinn með líðlega fjórtán milljarða króna afgangi árið 2006. Í fjárlagafrumvarpi sem Árni Mathiesen fjármálaráðherra lagði fram á Alþingi í gær eru tekjur ríkissjóðs á næsta ári áætlaðar alls um 327 milljarðar króna en útgjöld um 313 milljarðar.

Vegna áframhaldandi þenslu í efnahagslífinu er áfram gert ráð fyrir aðhaldi í útgjöldum ríkissjóðs. Með sérstökum aðgerðum verða útgjöldin lækkuð um fjóra milljarða króna og munar þar mestu um frestun á framkvæmdum í vegamálum fyrir tvo milljarða króna.

Á föstu verðlagi aukast útgjöld til menntamála um tólf prósent frá fjárlögum þessa árs. Árni Mathiesen fjármálaráðherra segir að þetta sé í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar í þeim málaflokki. „Þar erum við að leggja grunn að hagvexti framtíðarinnar,“ segir Árni.

„Ég sé ekki að ríkissjóður sé á nokkurn hátt að horfast í augu við jafnvægisleysið í þjóðarþúskapnum. Ríkisstjórnin er á afneitunarstigi,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, um fjárlagafrumvarpið.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar,



FJÁRMÁLARÁÐHERRA Árni M. Mathiesen kveður stöðu ríkissjóðs mjög sterka.

spyr um þann stöðugleika sem ræddur sé í fjárlagafrumvarpinu.

„Er það stöðugleiki heimilanna sem juku skuldir um 150 milljarða króna milli ára? Er það stöðugleikinn sem endurspeglast í háum stýrivöxtum og háu gengi? Eða viðskiptahalla sem er sá mesti frá því sögur hófust?“

„Staða samkeppnis- og útflutningsgreinanna er afleit vegna hágengis og ég get ekki séð að fjárlögin breyti þar nokkru um,“ segir Guðjón A. Kristjánsson formaður Frjálslynda flokksins og kveðst ekki sjá í fljótu bragði að fórnarlömb efnahagsstefunnar, útflutningsgreinarnar, eigi von um betri tíð með fjárlögnum.

- jh / Sjá síðu 14

Grátur og hlátur

Sýningin The Shneedles kemur til Íslands í janúar. Trúðarnir eru með fjölbreytt atriði sem höfða til allra aldurshópa.



FÓLK 30

Syngja með divunni

Söngdrottningin Kiri Te Kanawa hreifst svo af Agli Pálssyni tenór og Jóni Leifssyni bariton að hún bauð þeim að koma fram á tónleikum hennar í Háskólabíói á morgun.



TILVERA 12

Gunnar Heiðar skoraði og meiddist

Gunnar Heiðar Þorvaldsson skoraði glæsilegt mark fyrir Halmstad í gær. Hann meiddist síðar í leiknum og óvíst er um þátttöku hans í landsleikjum í næstu viku.



ÍPRÓTTIR 20

VEÐRIÐ Í DAG



VÍÐAST RIGNING nú í morgunsárið. Styttir upp norðaustan til þegar liður á morguninn. Dreg víðast úr vætu síðdegis eða í kvöld, síst á Vestfjörðum og suðaustan til. Hlýtt í veðri í dag en kólnar í kvöld og nótt. **VEÐUR 4**



ARMENAR MÓTMÆLA Fjöldi Armena kom saman fyrir framan fundarstað ráðherranna í Lúxemborg. Þeir mótmæltu ákvörðuninni að hefja aðildarviðræður við Tyrki því þeir eru ósáttir við að Tyrkir hafi aldrei viðurkennt fjóldamorðin í Armeníu árið 1915 sem tilraun til þjóðarmorðs.

Evrópusambandið samþykkir að hefja aðildarviðræður við Tyrkland:

Tyrkir varpa öndinni léttar

TYRKLAND, AP Recep Tayyip Erdogan, forsætisráðherra Tyrklands, sagði í gærkvöld að „skynsemin hefði sigrað“ eftir að utanríkisráðherrann Abdullah Gül var stígnur upp í flugvél áleiðis til Lúxemborgar til að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið.

Vísaði Erdogan með þessum orðum sínum til þess að samningsumboð ESB, sem loks var samþykkt af utanríkisráðherrum ESB-ríkjanna 25 síðdegis í gær, inniheldur ekki klausu sem austurrískir ráðamenn höfðu á endasprettið krafist að sett yrði inn í skjalið um að Tyrkjum

kynni að verða boðin önnur lausn á tengslum við ESB en full aðild. Heima fyrir var austurríski utanríkisráðherrann Ursula Plassnik strax gagnrýnd fyrir undangjöfina.

Reiknað er með því að aðildarviðræðurnar taki í það minnsta tíu ár. Íbúar Tyrklands eru um 70 milljónir og flestir þeirra eru múslimar.

Sjá bls. 4/aa

UTANRÍKISRÁÐHERRA AUSTURRÍKIS Ursula Plassnik, utanríkisráðherra Austurríkis, gaf eftir í viðræðunum í gær en meirihluti austurríkismanna eru á móti því að Tyrkir fái aðild að Evrópusambandinu.



Polir ekki tengdamömmu:

Fer fram á hjónaskilnað

RÚMENÍA 22 ára gömul rúmensk kona hefur farið fram á skilnað vegna þess að hún þolir ekki að þurfa að borða hádegisverð með tengdamóður sinni á hverjum degi.

Fréttastofan Ananova hefur eftir dagblaðinu 7 Plus að konan hafi einungis verið gift í tíu mánuði þegar hún var búin að fá meira en nóg af hjónasælunni.

Konan er sögð líkja lífi sínu við martröð, allt vegna tengdamömmunnar óþolandi. Þegar skilnaðarmálið kom inn á borð dómara sagði konan, sem er frá Vrancea-sýslu í Rúmeníu: „Nærvera tengdamóður minnar við mikilvægustu máltíð dagsins á hverjum einasta degi og stríðnisathugasemdir hennar hafa eyðilagt hjónaband mitt. Ég þoli þetta alls ekki lengur og verð að fá skilnað.“

Dómurinn bað konuna hins vegar að hugsa sig um og reyna að koma með betri ástæði vildi hún fá skilnað. Konan sagði hins vegar við dómara að hún teldi þetta algjörlega fullnægjandi ástæðu.

KONUR 20-40 ÁRA

Konur velja Fréttablaðið*

55%

Fréttablaðið

28%

Mbl.

Heilsa

Daglegt líf

*Samkvæmt fjölmörgum Gallup í júní 2005. Lestur meðal 20-40 ára konna á efnisþætti á þriðjudögum.

Frjáls íbúðalán
4,15%
verðtryggðir vextir
FRJÁLSI



SPURNING DAGSINS

Svandís, gekk fléttan upp?

„Að sjálfsögðu gerði hún það!“

Vinstri grænir bjóða nú fram svokallaðan fléttalista fyrir komandi borgarstjórnarkosningar þar sem sætum er skipt rétt á milli kvenna og karla. Svandís Svavarsdóttir leiðir listann.

Þjófur braust inn í apótek:

Hlaðinn lyfjum

LÖGREGLA Brotist var inn í apótek Lyfju við Laugaveg um klukkan þrjú í fyrrinótt.

Innbrotstjófurinn komst inn með því að brjóta rúðu en við það fór öryggiskerfi í gang. Öryggisverðir náðu að góma manninn þar sem hann var á leið út með troðfulla vasa af ýmsum lyfjum. Hann gisti fangageymslur lög-reglunnar.

- jse

Fréttablaðið:

Skipt um ritstjórnarkerfi

365 PRENTMIÐLAR Fréttablaðið tók í gær í notkun nýtt ritstjórnarkerfi og er blað dagsins fyrsta tölublaðið sem er unnið í kerfinu. Lesendur eiga ekki að verða varir við breytingarnar fyrir utan að orðskiptingarnar milli lína geta á stöku stað verið á annan veg en íslenskar málfræðireglur segja til um.

Lesendur eru beðnir um að sýna okkur skilning og þolinmæði þangað til. ■

Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktssdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði komið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttmæt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

Fjármálaráðuneytið spáir minnkandi hagvexti á næstu árum:

Áfram mikill viðskiptahalli

EFNAHAGSMÁL Spáð er áframhaldandi miklum hagvexti á næsta ári í nýrri þjóðhagsspá efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins, en hún var birt samhliða fjárlagafrumvarpi næsta árs.

Gert er ráð fyrir að úr hagvexti dragi á árinu 2007 vegna samdráttar í framkvæmdum og innlendri eftirspurn. Á þessu ári er hagvöxturinn um sex prósent en gert er ráð fyrir að hann verði 4,6 prósent á næsta ári og fari niður í 2,5 prósent árið 2007.

Viðskiptahallinn við útlönd er með mesta móti á þessu ári eða liðlega 13 prósent af landsframleiðslu vegna stóriðjufram-

kvæmda og einkaneyslu og verður hann litlu minni á næsta ári samkvæmd spá efnahagsskrifstofunnar. Eftir tvö til þrjú ár er búist við að hann verði kominn niður í 2,5 prósent af landsframleiðslu.

Atvinnuleysi er með minnsta móti og er gert ráð fyrir að það verði innan við tvö prósent á næsta ári. Í forsendum fjárlaga er gert ráð fyrir að verðbólga verði 3,8 prósent á næsta ári en það er í samræmi við spá efnahagsskrifstofu ráðuneytisins.

Þess er getið að gengisþróun og hugsanlegar ákvarðanir um frekari stóriðju valdi óvissu í þjóðhagsspánni.

-jh



SKRIFSTOFUSTJÓRI EFNAHAGSSKRIFSTOFU Þorsteinn Þorgeirsson kynnti nýja efnahagsspá í gær, en þar er getið um tímabundið ójafnvægi vegna stóriðjuframkvæmda.

Afskipti lykilmanna eru umhugsunarverð

Valgerður Sverrisdóttir segir að lykilmenn í Sjálfstæðisflokknum hafi tengst aðdraganda Baugsmálsins. Ummæli Styrms Gunnarssonar um skattayfirvöld hafi ekki komið á óvart því hann aðhyllist pólitísk afskipti af eftirlitsstofnunum.

BAUGSMÁL Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðgjafi, segir í samtali við Fréttablaðið að ýmislegt athyglisvert hafi komið í ljós með umfjöllun Fréttablaðsins um aðdragandann að Baugsmálinu.

„Meðal annars það að lykilmenn í Sjálfstæðisflokknum hafi tengst aðdragandanum að málinu beint og er ég þá ekki síst að tala um Styrmi Gunnarsson, ritstjóra Morgunblaðsins,“ segir Valgerður.

Hún segir að sér hafi þótt sérstaklega athyglisvert það sem fram kom í einum tölvupósti hans að hann hafi talið að skattalög-reglan væri að biða með Baugsmálið þar til fjármálaráðgjafi komi úr sumarfríi.

„Þetta kom mér ekki að öllu leyti á óvart því ég átti í ritdeilu við Styrmi Gunnarsson í sumar, sem snerist einmitt um sjálfstæði eftirlitsstofnana,“ sagði Valgerður.



STYRMIR GUNNARSSON

„Styrmir endaði þessar deilur, þegar hann var orðinn rökþrota, með því að segja að það skipti engu máli hvað ég segði, það tæki hvort eð er enginn mark á mér,“ sagði Valgerður.

Deilurnar sem hún vitnaði til snerust um gagnrýni Morgunblaðsins á Valgerði, sem birt var í Staksteinum blaðsins, vegna þess að hún hafði neitað að ræða



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR VIÐSKIPTARÁÐGJAFI Segir það alveg ljóst að áhrifamenn í Sjálfstæðisflokknum tengdust aðdragandanum að Baugsmálinu og það sé umhugsunarefni.

úrskurð Samkeppnisráðs um samruna FL Group, Bláfugls og Flugflutninga, sem stofnunin heimilaði í sumar, við Morgunblaðið. Hún sagðist ekki ræða úrskurð Samkeppnisráðs til að veikja ekki sjálfstæði stofnunarinnar.

„Styrmir virtist telja að það væri eðlilegt að stjórnvöld hefðu afskipti af eftirlitsstofnunum,“ segir Valgerður. Spurð hvort hún telji þetta viðhorf hafa endurspeglast í aðkomu Styrms að aðdraganda Baugsmálsins segir hún: „Það sem ég las í þessum tölvupósti fannst mér í nokkru samræmi við það sem kom fram í sumar, um þetta gundvallaratriði, sem er sjálfstæði eftirlitsstofnana. Auðvitað á hið sama við um lögreglu og skattalög-reglu, svo ekki sé fleira nefnt,“ segir hún.

Valgerður segir aðspurð að Fréttablaðið og Morgunblaðið

hefðu tekist á um málið og væru orðnir gerendur í því. Hún sagði það jafnframt ekki að ástæðulausu að Sjálfstæðisflokknum og Samfylkingunni hefði verið blandað inn í umræðuna um Baugsmálið. „Samfylkingin hefur tekið mjög málstað Baugs í umræðunni almennt, meðal annars þegar samkeppnislög voru til umræðu á þinginu,“ segir hún. Þá sé augljóst hver aðkoma lykilmanna í Sjálfstæðisflokknum að aðdraganda málsins sé.

Spurð hvaða áhrif umræðan hefði á ríkisstjórnarsamstarfið segir hún: „Ég er ekki að halda því fram að ráðherrar í ríkisstjórn hafi komið að málinu en hins vegar það, að lykilmenn hafi komið að því í aðdraganda málsins, er umhugsunarefni, þótt ég segi ekki meira.“

sda@frettabladid.is

Veðurfar í september:

Ekki kaldara á landinu í 23 ár

VEÐUR Septembermánuður hefur ekki verið svo kaldur sem nú að meðaltali um land allt síðan árið 1982.

Meðalhitinn í Reykjavík mældist 6,3 gráður, sem er rúmri gráðu kaldara en í meðalári. Meðalhitinn á Akureyri var 4,7 gráður og er það 1,6 gráðum undir því sem venja er í september.

Úrkoma á Akureyri var rúmlega tvöfalt meiri en í meðalári og festi snjó þar dagana 24. og 25. september. Er það í sjötta skipti síðustu fjórutíu árin sem slíkt gerist. Úrkoma í Reykjavík var hins vegar langt undir meðaltali. ■

Lífeyrissjóður Austurlands:

Brotin voru fyrnd við kæru

LÖGREGLA Möguleg brot stjórnarmanna Lífeyrissjóðs Austurlands voru þegar fyrnd í ársbyrjun 2003 þegar fjórir sjóðsfélagar lögðu fram kæru til lögreglu.

Jón H. Snorrason, yfirmaður efnahagsbrota-deildar Ríkislög-reglustjóra, bendir á að brot á lögum um lífeyrissjóði fyrnist á tveimur árum. „Atvik þau SON sem til rannsóknar eru vegna lánveitinga og ráðstafana fjármuna Lífeyrissjóðs Austurlands áttu sér stað á árunum 1992 til 24. maí 2000.

Þegar kæra barst efnahagsbrota-deild í apríl 2003 voru sakir vegna ætlaðra brota stjórnenda og eða stjórnarmanna, samkvæmt lögum um lífeyrissjóði, fyrndar ári áður, hafi þær einhverjar verið,“ segir í tilkynningu embættisins. Jón segir hins vegar að meintar sakir vegna ætlaðra brota gegn almennum hegningarlögum, sem til rannsóknar eru hjá deildinni, séu ekki fyrndar. - óka

LÖGREGLUFRÉTTIR

BIFREIÐ STOLIÐ Á AKUREYRI

Fjallajappa var stolið af bílplani eigandans á Akureyri eftir klukkan tvö í fyrriinótt. Lögreglan telur mestar líkur á því að bifreiðin sé á höfuðborgarsvæðinu en ýmsar vísendingar styðja þann grun. Eigandi jeppans ætlaði að vitja hans á bílplani sínu klukkan hálf átta í gærmorgun en greip þá í tómt.

VELTI BÍL OFAN Í SKURÐ

Ökumaður velti bifreið sinni ofan í skurð á þjóðvegnum við Lónsá norðan Akureyrar. Var hann fluttur á Fjórðungs-sjúkrahúsið en meiddi hans reyndust minniháttar. Bifreiðin er hins vegar ónýtt að sögn lögreglu. Ekki liggur fyrir hvað varð til þess að ökumaðurinn fípaðist.

Boeing-flugvél flugfélagsins Atlanta nauðlenti í Kenýa:

Vænghjól komu ekki niður

FLUG Boeing 747-flugvél flugfélagsins Atlanta, TF-ARJ, hlekkist á í landingu á flugvelli í Nairobi í Kenýa aðfaranótt sunnudags. Áhöfn flugvélarinnar varð vör bilunar í vökvakerfi skömmu eftir flugtak og ákvað að snúa aftur.

Bilunin varð þess valdandi að hluti hjólabúnaðar náðist ekki niður sem skyldi og nauðlenti vélin því. Landingin tókst vel og er sjö manna áhöfn óhult. Skemmdir urðu á hluta hjólabúnaðar flugvélarinnar og lúgu á hjólahúsi. TF-ARJ var hlaðin um 120 tonna farmi af ávöxtum og blómum sem átti að flytja til Maastricht í Hollandi fyrir flugfélagið Cargolux. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Cargolux.

Í tilkynningu frá flugfélaginu Atlanta segir að vélin sé nú í flugskýli á flugvelli í Nairobi og



SKEMMDIR Á HJÓLABÚNAÐI Flugvallarstarfsmenn virða fyrir sér skemmdir.



beðið sé eftir varahlutum. Flugfélagið gerir ráð fyrir að viðgerð ljúki á næstu dögum.

Ekki er talið að atvikið komi til með að hafa áhrif á rekstur flugfélagsins. - saj

Opið alla daga kl. 11-19

LAGERSALA EDDU

Fellsmúla 28 (gamla World Class húsinu)

Bókamarkaður ársins

Við rýmum fyrir jólabókunum

ALLT Á AÐ SELJAST!

Komdu og gerðu frábær kaup - Einstakt verð og glæsileg sértíloboð!

Edda

„Það kemur ekkert fyrir mig“

Til allrar hamingju eru flest slys minniháttar en því miður verða þó stundum alvarleg slys. UPR-slysátrygging Allianz hefur veigamikla kosti fram yfir aðrar slysátryggingar sem seldar eru hér á landi. Allt iðgjaldið er endurgreitt í lok samningstíma ásamt ávöxtun, óháð því hvort viðkomandi hafi fengið greiddar slysabætur á samningstímanum eða ekki. Allianz ábyrgist þetta í samræmi við þýsk lög.

SLYSATRYGGINGAR

Skaftahlíð 24 | Sími 595 3300 | allianz@allianz.is | www.allianz.is

Allianz 

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 03.10.2005

KAUP SALA

	Bandaríkjadalur	USD	61,43	61,73
	Sterlingspund	GBP	107,85	108,37
	Evra	EUR	73,28	73,7
	Dönsk króna	DKK	9,819	9,877
	Norsk króna	NOK	9,295	9,349
	Sænsk króna	SEK	7,878	7,924
	Japanskt jen	JPY	0,5388	0,542
	SDR	XDR	88,56	89,0

Gengisvísitala krónunnar
103,30

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Gróf líkamsárás í Garðabæ um helgina:

Piltarnir þrír sæta varðhaldi

LÍKAMSÁRÁS Þrír átján ára karlmenn sitja í gæsluvarðhaldi í kjölfar líkamsárásar sem framin var í samkvæmi í Garðabæ á sunnudagsmorgun. Einn þeirra situr í varðhaldi í fimm daga, hinir tveir í þrjá daga.

Mennirnir voru færðir fyrir dómara á niunda tímanum á sunnudagskvöld og var þinghaldi ekki lokið fyrr en um klukkan eitt um nóttina.

Lögreglufulltrúi hjá Hafnarfjarðarlögreglu segir ekkert óvenjulegt vera við að það taki sinn tíma að kveða upp úr um gæsluvarðhald. Í tilfellum sem þessum þurfi dómari að fara yfir gögn og

hlýða á framburð. Hann þurfi síðan að taka afstöðu til þessa alls áður en hann taki ákvörðun. Þarna hafi verið um mál þriggja manna að ræða sem tekin hafi verið fyrir hvert af öðru og því sé eðlilegt að þingið hafi tekið sinn tíma.

Starfsfólk á Landspítala - háskólasjúkrahúsi vildi í gær ekki tjá sig um líðan Einars Ágústs Magnússonar, fórnarlamb ársarmanna.

Einar Ágúst hlaut sprungu í höfuðkúpu ásamt sárum á höfði, handleggjum og höndum.

Mennirnir sem eru í haldi lögreglu hafa áður komist í kast við lögin vegna ofbeldismála.



HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS Einn manna leiddur til gæsluvarðhalds eftir úrskurð á sunnudagskvöld.

SJÁLFTÆÐISFLOKKUR

ÖRN Í 4.-5. SÆTIÐ Örn Sigurðsson arkitekt hefur tilkynnt þátttöku í prófkjöri Sjálfstæðisflokks fyrir borgarstjórnarkosningar í vor. Hann sækist eftir 4.-5. sæti á listanum.

DAVIÐ ÓLAFUR Í 7. SÆTIÐ Davíð Ólafur Ingimarsson, hagfræðingur í sjávarútvegsráðuneytinu og stjórnarmaður í Heimdalli, hefur ákveðið að gefa kost á sér í 7. sætið í prófkjöri sjálfstæðismanna vegna borgarstjórnarkosninga næsta vor.

BJÖRN GÍSLASON Í 7. SÆTI Björn Gíslason, framkvæmdastjóri SHS fasteigna ehf., hefur ákveðið að taka þátt í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík vegna kosninga til borgarstjórnar og sækist hann eftir 7. sæti á listanum.



DEKKJAVERKSTÆÐI Búast má við miklum erli á dekkjaverkstæðum á næstu vikum þegar fólk fer að skipta yfir á vetrardekk.

Verð hjá dekkjaverkstæðum:
Allt að 80% verðmunur

NEYTENDUR Verð á þjónustu dekkjaverkstæða fyrir stærri bíla en fólksbíla hefur hækkað um tæp tíu prósent á tveimur árum og um sjö prósent fyrir fólksbíla. Þetta kemur fram í verðlagskönnun sem verðlagseftirlit Alþýðusambands Íslands gerði fyrir helgi.

Allt að áttatíu prósent munur er á hæsta og lægsta verði á skiptingu, umfelgun og jafnvægisstillingu fyrir jeppa á 30 til 32 tommu dekkjum. Munurinn er aðeins minni fyrir fólksbíla á 16 tommu dekkjum en þar var hann um 76 prósent. Ekki var lagt mat á gæði eða þjónustu.

LÖGREGLUFRETTIR

ÓEÐLILEG HEÐUN Á ÍSAFIRÐI

Maður er grunaður um afbrigðilega hegðun fyrir framan dreng á Ísafirði. Lögreglunni var tilkynnt um atvikið að morgni laugardags. Maðurinn var með öðrum gestkomandi í heimahúsi á Ísafirði. Lögreglan kallaði hann til yfirheyrslu og hefur honum verið sleppt. Rannsókn málsins heldur áfram.

FJÖLMIÐLAR

ÞORFINNUR TIL 365 Þorfinnur Ómarsson hefur verið ráðinn til 365 ljósvakamiðla. Honum er ætlað að sjá um þátt á Fréttastöðinni, sem hefur útsendingar innan nokkurra vikna. Þorfinnur hefur víðtæka reynslu af starfi í fjölmiðlum og var um skeið forstöðumaður meistaranáms hagnýtrar fjölmiðlunar við Háskóla Íslands.



HITAMÁL Fyrir utan fundarstað ráðherranna í Lúxemborg heldur kona á loft spjaldi þar sem Austurríkismönnum er hrósað fyrir að beita sér gegn því að Tyrklandi verði boðin aðild að ESB.

Aðildarviðræður við Tyrki hófust í nótt

Samninganefnd Tyrkja í aðildarviðræðum við Evrópusambandið hélt til Lúxemborgar í gærkvöld. Þær frestuðust vegna deilna um samningsumboð ESB.

EVROÞUSAMBANDIÐ, AP Utanríkisráðherrar Evrópusambandsins komust eftir maraþonfund í Lúxemborg gær að samkomulagi um orðalag samningsumboðs sambandsins fyrir aðildarviðræður við Tyrkland, sem áformað hafði verið að hefust formlega í gær. Eftir að hafa skoðað niðurstöðuna féllust Tyrkir á að ganga til viðræðnanna undir þeim skilyrðum sem kveðið er á um í samningsumboðinu. Utanríkisráðherra Abdullah Gül hélt því ásamt tyrknesku samninganefndinni til Lúxemborgar í gærkvöld. Strax eftir komuna þangað átti hin formlega opunarathöfn aðildarviðræðnanna að fara fram, með hátt í háls sólarhrings seinkun.

Um fjórir áratugir eru síðan

Tyrkir hófu fyrst að knýja dyra hjá Evrópusambandinu og í desember í fyrra ákváðu leiðtogar þess að aðildarviðræður skyldu hefjast hinn 3. október í ár. Hið áformada upphaf viðræðnanna komst í uppnám er ríkisstjórn Austurríkis krafðist þess að samningsumboði yrði ekki afgreitt nema þess yrði getið að Tyrklandi kynni að verða boðin önnur lausn á tengslum við sambandið en full aðild. Tyrklandsstjórn hafði aftur á móti sagt að hún álti ekkert minna en fulla aðild koma til greina.

Utanríkisráðherra ESB-ríkja 25 sátu á rökstólum í Lúxemborg fram á nótt á sunnudag og allan gærdaginn til að reyna að fá Austurríkismenn til að gefa eftir.

Þegar komið var undir kvöld í gær féllst loks austurríski ráðherrann, Ursula Plassnik, á það og samningsumboðsskjalið var sent til Ankara.

Erindrekar ESB-ríkja sögðu að Plassnik hefði loks látið undan og fallist á að í samningsumboðinu stæði að „sameiginlegt markmið viðræðnanna væri innganga“ Tyrklands í sambandið.

Reiknað er með að aðildarviðræður við Tyrki taki að minnsta kosti tíu ár, enda langt í land með að landið uppfylli aðildarskilyrðin, bæði efnahagslega og hvað varðar réttarríki og staðla borgaralegs samfélags. Íbúar Tyrklands eru um 70 milljónir, flestir múslimar.

audunn@frettabladid.is

Una María í framboð:
Sækist eftir fyrsta sæti

STJÓRNMÁL Una María Óskarsdóttir, varabæjarfulltrúi Framsóknarflokksins í Kópavogi, hefur ákveðið að gefa kost á sér í 1. sæti framboðslista Framsóknarflokksins í sveitarstjórnarkosningunum í vor.

Una María er uppeldis- og menntunarfræðingur með BA próf frá Háskóla Íslands, hún hefur verið formaður ÍTK og varamaður í bæjarstjórn Kópavogs. Þá er hún varaformaður Freyju, félagsframsóknarkvanna í Kópavogi. Hún hefur meðal annars starfað sem verkefnisstjóri í félagsmálaráðuneytinu og verið aðstoðarmaður umhverfisráðherra.



MIERS OG BUSH Forsetinn hlýðir á ræðu Miers í gær.

Bush útnefni í hæstarétt:

Sátt um Miers

WASHINGTON, AP Bush Bandaríkjaforseti útnefndi í gær starfsfélaga sinn úr Hvíta húsinu, Harriet Miers, sem hæstaréttardómara.

Líklegt er að sátt muni ríkja um útnefninguna því demókratar höfðu einnig stungið upp á Miers. Útnefningin bíður staðfestingar öldungadeildarinnar en þar hafa repúblíkanar meirihluta.

Miers hefur aldrei áður gegnt embætti dómara.

- saj

Ný bensínstöð Skeifunni



ATLANTSOLIA
- Avallt ódyr -


VEÐURSPÁ

um hádegis »

Sigurður P. Ragnarsson, veðurfræðingur

FRÁSKILIN AÐ VESTAN

Það verður talsvert hvasst í dag á norðvestanverðu landinu sem og suðaustan til, jafnvel allhvasst eða hvasst og sums staðar hvasst í námunda við fjöll. Mér sýnist á öllu að sýnu hvasst verði þó á Vestfjörðum þó hann geti verið hægginn inni á fjörðum. Fór að velja því fyrir mér hvort dægurlagatextinn í fyrirsögninni hefði eitthvað með veðrið á Vestfjörðum að gera. Spyr sá er ekki veit!
HORFUR Í HÖFUÐ-BORGINNI Í DAG
Fremur hæg suðvestlæg átt þegar kemur fram á morguninn. Rigning eða skúrir. Hiti 5-10 stig.



Kaupmannahöfn	16°C léttskýjað	Paris	17°C léttskýjað	Alicante	24°C hálfskýjað
Oslo	18°C hálfskýjað	Berlín	17°C hálfskýjað	Milano	16°C skýjað/skúr
Stokkhólmur	20°C skýjað	Frankfurt	16°C skýjað	New York	26°C léttskýjað
Helsinki	13°C léttskýjað	Madrid	21°C hálfskýjað	San Francisco	21°C heiðskirt
London	17°C hálfskýjað	Barcelona	20°C léttskýjað	Orlando/Florida	31°C þrumuveður

* Sveði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skýggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknud með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



Aukið frelsi

Tveir nýir, einstakir hávaxta-sparnaðarreikningar á Netinu:

➤ SPRON **VAXTABÓT**

Tvöföld vaxtabót – eftir upphæð og lengd innstæðu

SPRON Vaxtabót er óverðtryggður sparnaðarreikningur á Netinu sem ber háa, stighækkandi vexti eftir upphæð – og auk þess stighækkandi vaxtaálag eftir lengd sparnaðartímabils.

- Algjört frelsi
- Engin lágmarksinnborgun en verðlaunað fyrir hærri innstæðu
- Enginn binditími en verðlaunað fyrir lengra sparnaðartímabil
- Engin úttektargjöld á Netinu

➤ SPRON **VIÐBÓT**

Háir, verðtryggðir grunnvextir og vaxtaviðbót að binditíma loknum

SPRON Viðbót er verðtryggður sparnaðarreikningur á Netinu, bundinn í 36 mánuði, sem ber háa grunnvexti og auk þess stighækkandi vaxtaviðbót eftir lengd sparnaðartímabils að binditíma loknum.

- Aukið frelsi
- Vaxtaumbun tryggð á áframhaldandi innstæðu að binditíma loknum
- Engin lágmarksinnborgun
- Engin úttektargjöld á Netinu

Aðeins á Netinu – stofnaðu reikning á www.spron.is

 **spron**
– fyrir allt sem þú ert

Upplýsingar í síma 550 1400 eða á www.spron.is



KJÖRKASSINN

Ertu farin(n) að gera jólakortin?

Já	3%
Nei	97%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á að fækka ráðuneytum?

Farðu inn á fréttahluta vísir.is og segðu þína skoðun



Herför Bandaríkjamanna í Írak:

Ráðherra lifði af morðtilraun

ÍRAK, AP Olíumálaráðherra Íraks slapp naumlega undan morðtilraun á mánudag en þrír lífvarða hans fórust í tilræðinu.

Gærdagurinn var þriðji dagur árása Bandaríkjamanna á skæru-liða al-Kaída í vesturhluta Íraks. Að minnsta kosti 36 skæru-liðar höfðu fallið í árásunum. Enginn þeirra er bandarískur, að sögn talsmanns bandarískra yfirvalda. Hin sömu yfirvöld segja einnig að ekkert sé hæft í yfirlýsingum al-Kaída um að tveir Bandaríkja-

menn séu í haldi og að þeir muni verða líflátnir nema öllum kvenföngum úr röðum súnímúslima verði sleppt úr fangelsum í Írak.

Eitt þúsund Bandaríkjaheimmenn taka þátt í þessu áhlaupi, sem hófst á laugardag. Bandaríkjaheimmenn kallar það „Járnhefann“. CNN-sjónvarpsstöðin sýndi í gær myndir af óbreyttum borgurum, þar á meðal börnum, sem særst hafa í átökunum. - smk



ÓFÖRUM FAGNAÐ Íraskir unglingar fagna yfir rústum bandaríks herbíls í Ramadí.

Tryggingastofnun ríkisins: Um 50 þúsund tryggingakort

HEILBRIGÐISMÁL Rúmlega fjórðungur Íslendinga er kominn með evrópskt sjúkratryggingakort frá Tryggingastofnun á þeim fimm mánuðum sem liðnir eru frá því útgáfa kortanna hófst.

Alls hafa verið gefin út tæplega fimmtíu þúsund kort frá 1. maí síðastliðnum samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun.

Evrópska kortið er gefið út í þeim tilgangi að minnka skrifraði og tryggja Evrópubúum lækniástoð utan heimalands á sama verði og íbúar dvalarlandsins ef þeir slasast eða veikjast skyndilega á ferðalagi. - jss

Ólöglegir innflytjendur: Nýtt áhlaup á Spán

SPÁNN, AP Hundruð afrískra flóttamanna gerðu áhlaup á öryggisgirðingu sem skilur að Marokkó og hólmundu Spánnar í Norður-Afríku, Melilla, snemma í gærmorgun.

Í tilkynningu frá yfirvöldum í Melilla segir að um 650 manns hafi ráðist að landamærunum og um 350 komust í gegn. Mennirnir klifruðu upp tvær gaddavirgíringar, aðra þriggja metra háa og hina sex metra, sem gáfu sig undan þunga þeirra. Þó að 135 manns hafi særst í áhlaupinu var einungis fimm haldið undir lækni-seftirliti, segir í tilkynningunni.

Þetta er annað fjöldaáhlaupið að landamærum Spánnar seinustu dagana, en í síðustu viku létust fimm ólöglegir innflytjendur í svipuðu áhlaupi að Ceuta. Spánverjar hafa stóraukið löggæslu við landamærin vegna áhlaupanna.

SVÍPJÓÐ

MISÞYRMT AF FORELDRUNUM

Foreldrar ungrar sænskranu konu í Kongsbacka í Svíþjóð eru grunaðir um að hafa misþyrmt henni illilega er hún greindi þeim frá því að hún væri ófrísk eftir araba. Hún missti fóstrið vegna átakanna. Foreldrarir réðust einnig á unnusta konunnar og kölluðu hann öllum illum nöfnum með vísan til uppruna hans. Málið hefur valdið undrun og reiði í Svíþjóð. Foreldrarir segjast saklausir og halda því fram að dóttir þeirra hafi sjálf skaðað sig til að þóknast manni sínum.

Litlar eignir til upp í kröfur

Verðmætustu eignirnar á athafnasvæði Slippstöðvarinnar eru ekki í eigu félagsins og nýtast því ekki til greiðslu á kröfum í þrotabúið. Að minnsta kosti þrjú fyrirtæki tengd skipaiðnaði hafa áhuga á að koma að stofnun nýs félags um rekstur slippstöðvar á Akureyri.

ATVINNULÍF Gjaldþrot Héraðsdómur Norðurlands eystra féllst í gær á gjaldþrotabeiðni Slippstöðvarinnar á Akureyri og var Sigmundur Guðmundsson, lögmaður á Akureyri, skipaður skiptastjóri þrotabúsins.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins munu kröfur í búið skipta hundruðum milljóna króna en félagið á litlar eignir á móti sem hægt er að koma í verð. Uppþökumannvirkin sem Slippstöðin hefur haft til afnota, flotkvíin og dráttarbrautin, eru í eigu Hafnarsamlags Norðurlands og smærri verkfæri eru í eigu starfsmanna sjálfra. Stáltak á bæði fasteignirnar á athafnasvæði Slippstöðvarinnar sem og stærri tæki og er Íslandsbanki með veð í þeim eignum.

Helstu verðmæti þrotabúsins eru því verksamningar sem gerðir hafa verið en verkefnastaða félagsins var með þetra móti þegar félagið fór í þrot.

Skiptastjóri þrotabúsins átti fund með starfsmönnum Slippstöðvarinnar í gær og tilkynnti að hann óskaði ekki eftir að þeir lykju við þau verkefni sem í gangi voru. Starfsmennirnir munu því fara á atvinnuleysisskrá og á með-

an óvissa er um hvort starfsemin verður endurreist eru öll verkefni í uppnámi.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa nokkur fyrirtæki tengd skipaiðnaði áhuga á að koma að stofnun nýs félags um rekstur slippstöðvar á Akureyri. Þeirra á meðal er Skipasmíðastöðin Þorgeir og Ellert á Akranesi, vélsmiðjan Hamar á Eskifirði og Stálsmiðjan í Reykjavík.

Akureyrarbær er lang stærsti eigandinn að Hafnarsamlagi Norðurlands og bæjaryfirvöld hafa lýst yfir að þau séu tilbúin að koma að endurreisn Slippstöðvarinnar.

Halldór Jóhannsson, framkvæmdastjóri Kaupfélags Eyfirringa, segir KEA vera að skoða hugsanlega aðkomu að stofnun nýs félags en ákvörðun þess efnis hafi þó ekki verið tekin.

Starfsmenn sjálfir eru einnig að huga hvort þeir geti komið að stofnun nýs félags en ljóst er að þeir munu ekki leggja fram mikla fjármuni. Þeir búa hins vegar yfir verkþekkingunni sem nýtt félag mun byggja á og hugsanlega mætti meta þá þekkingu sem ígildi hlutafjár.

kk@frettabladid.is



FLOTKVÍIN Uppþökumannvirkin sem Slippstöðin notaði eru í eigu Hafnarsamlags Norðurlands og aðrar helstu eignirnar á starfssvæði Slippstöðvarinnar eru í eigu Stáltaks.

INNFLUTNINGSHRÆÐSENDINGAR DHL

EITT FYRIRTÆKI
EINN GJALDMIÐILL
EINN REIKNINGUR
EINU ÁHYGGJUEFNINU
FÆRRA

Kannaðu málið á dhl.is eða í síma 535 1100.



Framboðsfrestur fyrir prófkjör Sjálfstæðisflokksins:

Nítján karlar á móti fimm konum

STJÓRN MÁL Framboðsfrestur til prófkjörs Sjálfstæðisflokks fyrir borgarstjórnarkosningar í Reykjavík rann út á föstudag og gáfu 24 framboðendur kost á sér í eitt-hvert tólf efstu sætanna. Af þeim eru 19 karlar og fimm konur. Jónína Benediktsdóttir hafði gefið kost á sér í fimmta sæti listans, en dró framboð sitt til baka nú um helgina.

Tveir gefa kost á sér í fyrsta sæti listans, Gísli Marteinn Baldursson, dagskrárgerðarmaður og varaborgarfulltrúi, og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarfulltrúi. Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarfulltrúi og Júlíus Vífill Ingvarsson lögfræðingur bjóða

sig bæði fram í annað sæti listans.

Þrjú núverandi borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins gefa ekki kost á sér í prófkjörinu. Það eru Björn Bjarnason dómsmálaráðherra, sem leiddi listann í síðustu kosningum, Guðlaugur Þór Guðlaugsson alþingismaður sem var í fimmta sæti listans og Guðrún Ebba Ólafsdóttir sem var í þriðja sæti lista Sjálfstæðisflokks.

Allir fullgildir meðlimir sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík, 16 ára og eldri, hafa kosningarétt í prófkjörinu og skal ósk um inntökubeiðni í sjálfstæðisfélag hafa borist í síðasta lagi fyrir lok kjörfundar. - ss



ÁFANGI FYRIR KRÓATA Ivo Sanader, forsætisráðherra Króatíu, og saksóknarinn Carla del Ponte í Lúxemborg í gær.

Króatía og Evrópusambandið: Aðildarviðræður bráðlega

ESB, AP Jack Straw, utanríkisráðherra Bretlands, sem fer þetta misserið með formennskuna í Evrópusambandinu, sagði í gær að hann sæi engar frekari hindranir í vegi fyrir því að hefja aðildarviðræður við Króata. Áður hafði Carla del Ponte, aðalsaksóknari Stríðsglæpadómstóls Sameinuðu þjóðanna í Haag, vottað að króatísk stjórnvöld sýndu fullan samstarfsvilja um að hafa uppi á og framselja fyrrverandi króatískan hershöfðingja sem eftirlýstur er fyrir stríðsglæpi.

Leiðtogar ESB ákváðu að fresta aðildarviðræðum við Króata í mars síðastliðnum vegna ásakana um að Króatíustjórn héldi hlífisskildi yfir hinn eftirlýsta Ante Gotovina, en hann er þjóðhetja í augum króatíska þjóðernissinna eftir stríðið við Serba sem lauk fyrir áratug. Ákæra á hendur honum var gefin út árið 2001. Að sögn erindreka ESB gætu aðildarviðræðurnar hafist jafnvel strax í nóvember. - aa

SJÁLSTÆÐIS-FLOKKURINN	
1. sæti	Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Gísli Marteinn Baldursson, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Júlíus Vífill Ingvarsson
2. sæti	Kjartan Magnússon, Bolli Thoroddsen (3-7)
3. sæti	Jórunn Frimannsdóttir, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, Örn Sigurðsson (4-5)
4. sæti	Birgir Þór Bragason, Ragnar Sær Ragnarsson, Kristján Guðmundsson, Steinn Káason (5-6), Guðni Þór Jónsson (5-7), Síf Sigfúsdóttir (5-7)
5. sæti	Marta Guðjónsdóttir, Loftur Már Sigurðsson
6. sæti	Benedikt Geirsson, Björn Gíslason, Davíð Ólafur Ingimarsson, Eggert Páll Ólason
7. sæti	Gústaf Nielsson
8. sæti	Jóhann Páll Símonarson
9. sæti	Gunnar Dofri Ólafsson
10.-12. sæti	

Minnismiðar gulir,
með límrönd
Stærð 75x125 mm.
Verð áður: 144 kr.

99 kr.



Litaður heftivír nr. 10

2000 stk.

Verð áður: 149 kr.

119 kr.



Músarmotta gel
Verð áður: 1.290 kr.

890 kr.



Límrúlla UHU, einnota

Verð áður: 389 kr.

290 kr.



Merkivél Dymo
LabelWriter 330 Turbo

Verð áður: 24.900 kr.

14.900 kr.

Auka límmiðarúlla
að verðmæti 990 kr.
fylgir með!

Uppfærðu skrifstofuna ...fyrir lægra verð!

Bleksprautupappír
Dataline

Ljósmyndastærð:
10x15 cm, 177 gr. 20 blöð

Verð áður: 990 kr.

690 kr.



Dataline

3 fyrir 2 af svörtu bleki í október

3 fyrir 2



Bréfabindi, Esselte 70 mm

Verð áður: 398 kr.

299 kr.



Fartölvubakpoki Pataco 15"

Verð áður: 3.990 kr.

2.490 kr.




Ruslafata Intego

18 lítra

Verð áður: 625 kr.

439 kr.



Tímaritabox Intego

Verð áður: 415 kr.

290 kr.

Bréfabakki Leitz

Verð áður: 482 kr.

290 kr.

Kúlutússpenni DX5

Verð áður: 179 kr.

129 kr.



BOKA  BÚÐIR



Eymundsson

Tilboðin gilda til 31. október 2005 eða á meðan birgðir endast.

...bara á flugfelag.is

5. - 11. okt.

Milli Reykjavíkur og

AKUREYRAR
5.999 kr.

Verð miðast við flug aðra leiðina. Bara á www.flugfelag.is Takmarkað sætaframboð!

Milli Reykjavíkur og

BÍLDUDALS
5.999 kr.

Milli Reykjavíkur og

EGILSSTAÐA
6.999 kr.

Milli Reykjavíkur og

SAUÐÁRKRÓKS
5.999 kr.

Milli Reykjavíkur og

ÍSAFJARÐAR
5.999 kr.

Milli Reykjavíkur og

GJÖGURS
5.999 kr.

Milli Reykjavíkur og

HORNAFJARÐAR
6.499 kr.

Milli Akureyrar og

**VOPNAFJARÐAR/
ÞÓRSHAFNAR**
4.499 kr.

Milli Reykjavíkur og

VESTMANNAEYJA
4.999 kr.

Milli Akureyrar og

GRÍMSEYJAR
3.499 kr.

flugfelag.is

Fékk tilkynningu um milljónavinning í svikalottói:

Hrappar féfletta fólk

FJÁRSVIK „Þeir hringdu í mig, rosalega ýtnir og frekir eftir að ég sendi póst út til að forvitnast um þetta,“ segir Karen Rut Konráðsdóttir, sem fékk tilkynningu um stóran vinning frá erlendu svikalottói.

Karen til mikillar furðu fékk hún senda tilkynningu um að hún hefði unnið „þann stóra“ í alþjóðlegu lottói. Þar var ekki um neina smáræðis upphæð að ræða, því vinningurinn var sagður 1,5 milljónir evra, sem samsvarar 110 milljónum íslenskra króna. Í bréfinu var sagt að hún þyrfti aðeins að innkaupa hendi smá viðvik og þá

yrði vinningurinn greiddur út innan 72 klukkustunda. Hún ætti bara að senda út afrit af vega-bréfi sínu eða ökuskríteini og gefa upp númer á bankareikningnum sínum.

„Þetta náði aldrei neitt lengra því ég sleit bara samtalinu,“ segir Karen Rut og varar fólk við að láta glepjust af svona svikahröppum.



SVIKALOTTÓ Þannig leit eyðublaðið út. Það var á hollensku.

- jss

Sagnfræðingafélag Íslands:

Vekur upp tortryggni

STJÓRNMÁL Ákvörðun nefndarmanna í forsætisnefnd Alþingis að ráða Þorstein Pálsson, fyrrverandi forsætisráðherra, til að rita sögu þingræðis á Íslandi vekur upp spurningar hvort nefndarmenn vilji ekki gæta ítrustu hlutlægni við verk sem fjalla muni um pólitísk álitamál.

Þetta segir í ályktun sem Sagnfræðingafélag Íslands og lýsa einnig undrun sinni á því af hverju ekki hafi verið leitað til vel menntaðra og reyndra sagnfræðinga til að vinna verkið og segja það vekja upp spurningar um viðhorf ráðamanna til háskólanáms á þessu sviði. - jse



MERKEL OG MÜNTEFERING Angela Merkel, formaður CDU, og Franz Müntefering, formaður SPD, virtust hin sáttustu við upphaf dagskrár í tilefni af 15 ára afmæli sameiningar Þýskalands.

Þrýst á Schröder að draga sig í hlé

Angela Merkel segist „reiða sig á skynsemisöfl“ í jafnaðarmannaflokki Gerhard Schröders eftir að íhaldsflokkur hennar jók þingstyrksforskot sitt. Flokkarnir halda þreifingum um ríkisstjórnarmyndun áfram á morgun.

ÞÝSKALAND, AP Kristilegir demókratar í Þýskalandi, undir forystu Angelu Merkel, þrýstu í gær á Gerhard Schröder, fráfarandi kanslara, að falla frá kröfu um að fara sjálfur fyrir næstu ríkisstjórn.

Kristilegi demókrataflokkurinn vann eitt þingsæti á Sambandsþinginu til viðbótar fram yfir jafnaðarmenn í kosningum sem fram fóru á sunnudag í kjördæmi í Dresden. Þar höfðu kosningarnar frestast um tvær vikur vegna fráfalls eins frambjóðandans. Endanleg skipting þingsæta réðst ekki fyrr en eftir að búíð var að telja upp úr kjörkössum þessa síðasta af kjördæmunum 299. Niðurstaðan varð sú að CDU hefur, ásamt systurflokknum CSU, nú fjórum

fulltrúum fleiri á Sambandsþinginu en Jafnaðarmannaflokkur Schröders, 226 á móti 222.

Þessi niðurstaða hefur styrkt tilkall Merkel til forystu í hugsanlegri samsteypustjórn stóru flokka og ýtt undir vonir hennar flokksmanna um að Schröder falli frá kröfu sinni um að halda kanslarastólnum ef til slíks stjórnarsamstarfs kæmi.

„Þetta eru mjög góð úrslit fyrir CDU,“ sagði Merkel þar sem hún var viðstödd hátíðardagskrá í Potsdam í tilefni af sameiningardegnum sem var í gær. Þann 3. október 1990 gekk sameining þýsku ríkjanna tveggja í gildi og þess var minnst með margvíslegum hætti í landinu.

„Ég reiði mig nú á skynsemisöfl í SPD,“ sagði Merkel og annar þekktur forystumaður í þingflokki kristilegra, Günter Beckstein, hvatti Schröder til að nýta sameiningardaginn til að draga sig í hlé.

Fulltrúar beggja stóru flokka hafa átt tvo þreifingarviðræðufundi og sá þriðji er áformaður á morgun.

Franz Müntefering, formaður SPD, gaf í skyn að þar á bæ væru menn að hneigjast til meiri sveigjanleika. „Við teljum að Gerhard Schröder eigi að vera kanslari, en alla möguleika um forystufyrirkomulag verður að ræða í komandi viðræðum,“ sagði hann.

audunn@frettabladid.is

Mannskætt sjóslys á George-vatni í New York:

Líkin flutu á vatninu

NEW YORK, AP Alls tuttugu af 47 farþegum létu lífið er skemmtisiglingabát hvolfði á George-vatni í New York-riki á sunnudag.

„Báturinn lá á hliðinni og fólk-íð öskraði. Líkin flutu fram hjá,“ tjáði Joanne Rahal hjá AP-fréttastofunni, en hún var einn farþega um borð. Alls tuttugu af 47 farþegum létu lífið í slysinu. Sjö voru færðir á sjúkrahús.

Skipstjórinn, Richard Paris, segir að öldur frá öðrum hraðskreiðum bátum hafi skolið á bát sinn og valdið slysinu. Veður til siglinga var með besta móti og hundruð báta voru á vatninu.

Lögregla segir að ekkert bendi til þess að skipstjórinn hafi verið undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna.

- saj



HÖRMULEGT SLYS Lögreglumaður við störf eftir slysið.

HAUSTÚTSALA

50-80%

AFSLÁTTUR

AF NÝJUM VÖRUM

Aðeins í
10 daga!

REGATTA 

GREAT OUTDOORS™

AKUREYRI - REYKJAVÍK - KEFLAVÍK

Opið
Virka daga 10-18
Laugard. 10-18
Sunnud. 13-17

 **ÚTIVIST&SPORT**

Akureyri - Strandgata 3 Sími 464-4450 Reykjavík - Faxafeni 12 Sími 533-1550 Keflavík - Hafnargata 25 Sími 421-3322



GRÍSIR Í KAPPLAUPI Þessir litlu grísir voru sérþjálfaðir í Taílandi til að keppa í Hefei-almenningsgarðinum í austurhluta Kína á þjóðhátíðardegi Kínverja á laugardaginn.

Álit kennara á grunnskólasamkeppni Landsvirkjunar:

Ósiðleg áróðursherferð

SKÓLAMÁL Grunnskólakennarar eru uggandi yfir áætlun Landsvirkjunar um að útbúa námsefni fyrir grunnskóla landsins og að aðstoða við að kenna það.

„Það er ekki beinlínis hlutverk Landsvirkjunar að búa til námsefni fyrir grunnskóla landsins. Skólinn er hér gerður að þátttakanda í umdeildum framkvæmdum sem miðast fyrst og fremst við hagsmuni fyrirtækisins sem eru óháðir hagsmunum barnanna og menntamarkmiðum skólans,“ segir Ólafur Páll Jónsson lektor við Kennaraháskóla Íslands.

Fyrirtækið hefur tilkynnt skólástjórum í grunnskólum

landsins fyrirhugaða samkeppni um orkumál á vegum Landsvirkjunar, og að fyrirtækið bjóði skólunum umtalsverðan stuðning. Samkeppninni er beint að öllum aldurshópum, og í verðlaun fá vinningshafarnir að leggja hornstein Kárahnjúkavirkjunar næsta vor ásamt forseta Íslands. Upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar segir samkeppnina ekki vera áróður, heldur samvinnu iðnaðar og skóla.

ÓLAFUR PÁLL JÓNSSON LEKTOR segir hagsmunir barna verði að ganga fyrir þegar kemur að hönnun námsgagna fyrir grunnskóla.



Mannskætt slys:

Rúta knúin gasi sprakk

TADSIJKISTAN Tuttugu og einn farþegi í gasknúinni rútu fórst þegar hún lenti í árekstri við aðra rútu í vesturhluta Tadsjíkistan, nærri höfuðborginni Dushanbe, í gær.

Haft er eftir lögreglu að kraftur sprengingarinnar hafi verið slíkur að einungis hafi verið hægt að bera kennsl á fimmtán líkanna. Sprengingar í gasdrifnum farartækjum eru algengar í Tadsjíkistan, en fátækir íbúar landsins nota gas á bíla sína í stað dýrrar olíu eða bensíns. Sprengingin í gær er þó sú mannskæðasta í slíkum slysum. ■

Straumlinuhugsun við framkvæmd vörupróunar og nýsköpunar

(Lean Thinking – In Product Development and Innovation)

Ráðstefna Föstudaginn 7. október
kl. 08:30 til 14:10 á Nordica Hótel

1. hluti – Inngangsröð og yfirlit

Stjórnandi Bjarki Brynjarsson, Háskólanum í Reykjavík

■ Ávarp

Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

■ Straumlinustjórnun og vörupróun

Smári S. Sigurðsson, Iðntæknistofnun

■ Verklag við hönnun í straumlinulegri vörupróun

Ole-Christian Bjarnø, DTU

2. hluti – Frá vörughugtaki á markað

Stjórnandi Davíð Lúðvíksson, Samtökum iðnaðarins

■ Straumlinustjórnun. Frá vörughugtaki til árangurs á markaði

Karl Friðriksson, Iðntæknistofnun

■ Frá vörupróun til framleiðslu

Ingvar Rask, IRDC

■ Straumlinuhönnun. Fyrir framleiðslu og markaðsetningu á neytendavöru

María K. Magnúsdóttir hönnuður

3. hluti – Mismunandi sjónarmið um árangur af straumlinustjórnun

Stjórnandi Davíð Lúðvíksson, Samtökum iðnaðarins

■ Viðhorf Marels til straumlinustjórnunar

Ásgeir Ásgeirsson, Marel

■ Straumlinustjórnun í smásöluverksun

Skarphéðinn Berg Steinarsson, Baugur Group

■ Icelandair. Straumlinuhugsun við framsetningu þjónustu

Jón Karl Ólafsson, Icelandair

■ Reynsla ráðgjafa af innleiðingu straumlinustjórnunar

Pétur Arason, ParX

■ Samantekt – Hvað er framundan

Hallgrímur Jónasson, Iðntæknistofnun

Verð kr. 14.500,-

Ráðstefnan fer fram á ensku



Skráning: iti@iti.is eða í síma 570 7100

Sjá nánari upplýsingar á Vef Iðntæknistofnunar www.iti.is

Þekkingarsetur
Iðntæknistofnunar

Krabbameinslyf barna var ófáanlegt

Læknar hafa kvartað til Landlæknisembættisins undan skorti á tilteknum lyfjum. Nýlega var lyf sem notað er við krabbameinsmeðferð hjá börnum ófáanlegt. Barnalæknir segir þetta alvarlegt mál og ekki mega gerast.

LYFJAMÁL Nýlega var algengt lyf sem notað er við krabbameinsmeðferð barna, svo og ýmsum gigtarsjúkdómum ekki fáanlegt hér á landi, að sögn Ólafs Gísla Jónssonar barnalæknis á Landspítala - háskólasjúkrahúsi.

Allmargar kvartanir hafa borist frá læknum til Landlæknisembættisins að undanfögnu vegna skorts á tilteknum lyfjum frá innflytjendum. Þá kvarta þeir undan því að lyf, sem notuð hafi verið lengi, séu allt í einu tekin af skrá og sett á sérstakan undanþágulista. Jafnframt að innflytjendur hætti að flytja inn ákveðin lyf, en hefji innflutning annarra í staðinn sem hafi sömu verkun, en séu oft dýrari. Loks snúast kvartanir læknanna um að innflutningi sé hætt á einhverjum lyfjaformum, til dæmis mixtúrum sem henti börnum, og séu þá aðeins fáanleg í töfluformi.

Ólafur Gíslur segir, að skortur á krabbameinslyfinu sé eitthvað sem ekki eigi að geta gerst. Hann bætir við að í þessu tilviki hafi læknar staðið frammi fyrir því að engin apótek á Reykjavíkursvæðinu hafi virst eiga þetta tiltekna lyf. Brugðist hafi verið við með því að panta það með hraði frá öðrum framleiðanda í Danmörku þannig að enginn skaði hafi hlotist af þessu.

jss@frettabladid.is



LYFJABÍDLISTAR Brögð hafa verið að því að tiltekin lyf væru ófáanleg í apótekum í einhvern tíma. Læknar hafa kvartað til Landlæknisembættisins vegna þessa.

Notendur Vísir í liðinni viku voru 213 þúsund talsins:

Metfjöldi heimsótti Vísisvefinn

VÍSIR Vísir er vinsælasta vefsvæði landsins og sló notkun í liðinni viku öll met. Vikulegir notendur á Vísir mældust tæplega 213 þúsund í liðinni viku og hafa ekki mælst fleiri frá upphafi. Aðeins einu sinni áður hefur vefur í samræmdri vefmælingu fengið fleiri vikulega notendur og mátti fyrst og fremst rekja aukninguna til gríðarlegrar umferðar frá útlöndum.

Raunaukning notenda milli vikna var 5,7 prósent en vikulegum notendum fjölgaði um 11.503

milli vikna. Mest var aukningin í fréttahluta Vísir, tæplega 7 prósent milli vikna.

Innlit í liðinni viku eða heimsóknir á vefinn voru rúmlega

1.100 þúsund, jukust um 7,8 prósent, og flettingar eða skoðaðar síður voru rúmlega 11 milljónir. Þar nemur aukningin 4,2 prósentum.

„Þetta er ánægjuleg þróun og viðurkenning á því sem við höfum verið að gera að undanfögnu. Ég reikna með að vöxturinn haldi áfram, einkum í fréttahlutanum, enda ljóst að Fréttavaktin og Nýja fréttastöðin munu styrkja þann hluta Vísir enn frekar,“ segir Þorsteinn Eyfjörð, forstöðumaður vefútgaðu 365.

SAMRÆMD VEFMÆLING

	Fjöldi	Aukning
Notendur	212.748	5,7%
Innlit	1.109.252	7,8%
Flettingar	11.167.537	4,2%

Leikhúskjallarinn – suðupottur menningar!

Á dagskránni í vikunni:

6. okt. kl. 21:00

Opnunarkvöld Leikhúskjallarans undir stjórn Arnar Árnasonar

7.-8. okt. kl. 21:00

Þetta mánaðarlega. Hugleikur

9. okt. kl. 21.00

Sunnudagsjass. Jassklúbburinn Múlinn kynnir Tríó Jóns Páls Bjarnasonar



„Við hlökkum til að fá hann heim.“

Hörður sonur okkar er í uppsetningarsveit Hive. Hann heimsækir fólk sem hefur verið lokað inni árum saman með mjög takmarkaða tengingu og frelsar það með margfalt meiri hraða og niðurhali á aðeins 3.990 kr. á mánuði. Þó svo að frelsisbaráttan sem hófst fyrir nokkrum mánuðum sé langt komin eru enn margir sem bíða þess að losna. Vonandi verður það sem fyrst svo við sjáum Hörð um jólin. Þangað til viljum við að hann viti hvað við erum stolt af honum.

GOTT FOLK McCANN

3.990*
HiveLite

Práðlaust internet
4 GB niðurhal
8 Mb tenging
Hive netsími

*Hive Lite er hagkvæm áskriftarleið sem færir þér fráðlaust internet, 4 GB niðurhal, 8 Mb tengingu, ódýrari símtöl – aðeins 5 kr. á mínútu í heimasíma rúmlega 30 landa og fullkominn tækjabúnað, ásamt allri uppsetningu án aukagjalds á aðeins 3.990 kr. á mánuði.

Hive.is · Grensásvegi 16 · Reykjavík · Þjónustusími 414 1616 · hive@hive.is

Hive



*M.v. 12 mánaða samning.

„ORÐRÉTT“

Aukin ríkisafskipti

„Ég vil að stjórnvöld beiti sér í þá átt að bæta samkeppnisstöðu skipasmíðaiðnaðar hér á landi gagnvart erlendum aðilum og tel þetta vera mikið forgangsmál.“

Birkir Jón Jónsson framsóknarþingmaður um Slippstöðina á Akureyri í Fréttablaðinu.

En þú ert stjórnmaðmaður í dag

„Ég er gamall blaðamaður og mér er misboðið ef þessi ummæli Jóhanns Hlíðar Harðarsonar endurspeglar viðhorf míns gamla félags Bláamannafélags Íslands.“

Halldór Blöndal sjálfstæðisþingmaður um gagnrýni varaformanns Bláamannafélagsins á aðgerðir sýslumanns gegn Fréttablaðinu. Morgunblaðið.

nær og fjær tilveran

SJÓNARHÓLL KOSNING ÞINGFORSETA



ELFAR LOGI HANNESSON, LEIKARI.

Sammála

„Þó ég sé nú ekki frjálslýndur maður, það er að segja; ekki í Frjálslýnda flokknum, þá er ég nú sammála þeim í þessu máli, segir Elfar Logi Hannesson, leikari og veitingamaður á Ísafirði, um þá staðreynd að ekki var hægt að greiða atkvæði gegn tillögu um kjör Sólveigar Pétursdóttur í embætti forseta Alþingis við þingsetninguna á laugardag. Þingmenn Frjálslýnda flokksins mótmæltu þessari tilhögun enda vildu þeir ekki Sólveigu í forsetaembættið. Þeir gátu hins vegar ekki greitt atkvæði á móti því aðeins var boðið upp á að segja já eða sitja hjá.“

„Mér finnst þetta nú ekki vera sæmandi í jafn háþrúðu samfélagi og Ísland er og þetta hljóta að vera leifar af gömlum venjum,“ segir Elfar Logi. Hann á þó von á að þessu verði breytt. „Ég heyrði viðtal við Sólveigu og hún talaði um að það þyfti að poppa þingið upp og færa það nær nútímanum. Því væri alveg upplagt hjá henni að byrja á að breyta þessu.“ Elfar Logi segir að aldrei þessu vant sé hann sammála þingmönnum Frjálslýnda flokksins. „Enda eru þetta toppstrákar,“ segir hann og bætir við að Sigurjón Þórðarson sé hans maður í flokknum.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? GUÐRÚN HALLDÓRSDÓTTIR FYRRVERANDI FORSTÖÐUMAÐUR NÁMSFLOKKANNA

Óþarfi að óttast starfslokinn

„Það er allt þokkalegt að fréttu af mér,“ segir Guðrún Halldórsdóttir sem veitti Námsflokkum Reykjavíkur forstöðu um árabíl. Guðrún varð sjötug fyrr á árinu og fór þá á eftirlaun líkt og lög gera ráð fyrir en hefur haft nóg fyrir stafni þrátt fyrir það. „Það er svo margt sem þarf að ganga frá og ég held bara að ég hafi alveg jafn mikið að gera eftir að ég hætti að vinna,“ segir Guðrún og beinir því til fólks að óþarfi sé að óttast starfslok vegna aldurs, alltaf sé hægt að finna sér eitthvað að gera.

Um svipað leyti og Guðrún hætti hjá Námsflokkunum ákváðu borgaryfirvöld að gjörbreyta fyrirkomulagi fullorðinsfræðslu á vegum borgarinnar. Guðrúna þykja aðgerðirnar miður góðar og telur að ekki ríki nægur skilningur á mikilvægi þjónustunnar.

„Það er mín skoðun að fólk sem gengið hefur

í gegnum skólakerfið án vandræða, og er komið á leiðarenda í þeim efnum, skilji illa þá sem átt hafa í erfiðleikum. Það hefur ekki reynsluna sem þarf til að skilja þetta,“ segir hún og tekur fram að sama sé hvaða stjórnmalaskoðanir fólk kann að hafa, þetta eigi við um alla.

Annars er hún nýlega komin úr ferðalagi til Þýskalands en þangað fór hún ásamt samstúdentum sínum sem héldu þar upp á 50 ára stúdentsafmæli sitt. „Við sáum mjög margt og reyndar meira en ég átti von á,“ segir Guðrún sem hafði tvívegis áður komið til Þýskalands. Í fyrra skiptið fór hún þangað í boði þýskra stjórnvalda til að kynna sér fullorðinsfræðslu. „Það var erfitt að horfa upp á þann óhugnað sem múrinn var,“ segir Guðrún sem er létt í lundu þessa dagana og enda allt jákvætt og gott í kringum hana.



Þúfan og hlasið:

Tólf tíma töf vegna músar

Á þriðja hundruð farþegar um borð í flugvél sem bjó sig undir flugtak í Manila á Filippseyjum voru á dögnum minntir á að oft veltir lítil þúfa þungu hlasi. Farþegarnir sem voru á leið til Katar voru og búnir að spennu sætisbeltin þegar einn úr áhöfninni kom auga á mús á einum ganga vélarinnar.

Ekki kom til greina að fljúga af stað án þess að hafa upp á músinni; farþegum var gert að yfirgefa vélna, hún affermd og reyk dælt inn í hana til að svæla músu út. Alls varð tólf stunda töf á flugferðinni vegna umstangsins en músin kom þó aldrei í leitirnar. Flugvallarstarfsmenn töldu sig hafa gengið úr skugga um að hún hlyti annaðhvort að hafa sloppið eða væri dauð.

Yfirmaður á flugvellingum rak minni til þess að áður hefði orðið töf á flugi vegna kakkalakka en hann minntist ekki að mús hefði áður komið við sögu. Mús geta valdið hættu um borð í flugvélum með því að naga mikilvægar rafmagnslínur.



MARGMENN Á MJADARHÁTÍÐ Fjölmenni var í München í Þýskalandi í gær og tók þátt í hinni árlegu bjórhátíð í borginni. Hún var nú haldin í 172. skipti.



SÆLIR SÖNGVARAR Jón Leifsson bariton og Egill Pálsson tenór eru himinlifandi yfir að fá að syngja á tónleikum Kiri Te Kanawa á morgun. Egill ætlar að syngja ariú úr Tófráflautu Mozarts og Jón úr Grímudansleik Verdi.

Syngja með Te Kanawa

Söngdrottningin Kiri Te Kanawa hreifst svo af Agli Pálssyni tenór og Jóni Leifssyni bariton að hún bauð þeim að koma fram á tónleikum hennar í Háskólabíói á morgun.

„Þetta var alveg ofboðslega óvænt. Maður getur aldrei átt von á einhverju svona,“ segir Egill Pálsson nemi við Söngskólann í Reykjavík. Hann og Jón Leifsson, sem útskrifaðist úr Söngskólannum í vor, munu syngja hvor sína ariúna á hljómleikum Kiri Te Kanawa í Háskólabíói annað kvöld en það verða aðrir tón-

leikar hennar hér á landi.

Tildrög þessa eru þau að þeir sóttu námskeið Kiri Te Kanawa í Söngskólanum um helgina ásamt sex öðrum söngvurum. Að námskeiðinu loknu var haldið lítið hóf þar sem slegið var á léttu strengi og nemunum veittar viðurkenningar. „Þegar við vorum á leið heim kallaði hún okkur til sín og spurði hvort við hefðum áhuga á að syngja á tónleikum,“ segir Egill. „Hún bauð okkur að hu-



KIRI TE KANAWA

gsa þetta þangað til á mánudag en hvorugur okkar þurfti þess. Það var auðvelt að taka þessu góða boði undir eins.“

Jón segir tónleikana á morgun án efa hápunktinn á söngferli þeirra félaganna en vonast vitaskuld eftir frekari afrekum í framtíðinni. „Þetta er vonandi byrjunin á einhverju meiru,“ segir hann.

Egill er netstjóri hjá símafyrirtækinu OgVodafone og nemur söng meðfram vinnu. Hann hefur verið í Söngskóla Reykjavíkur í þrjú ár og er langt kominn með námið.

Jón er kjötíðnaðarmaður og vinnur í Kjóthúsinu. Hann útskrifaðist úr Söngskólannum síðasta vor eftir sex ára nám við skólann.

Margföldum árangur með samstarfi

Getur 1+1+1 verið jafnt og 5?

Námstefna fimmtudaginn 6. október kl: 08:30 - 12:30 á Hótel Nordica um Samstarf og Klasafræði.

Dagskrá Iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir setur námstefnuna.

Fyrirlesari Alec Hansen hefur farið víða sem fyrirlesari og álitgjafi um klasa og samkeppni t.d. fyrir the World Bank og International Monetary Fund. Alec er einn þekktasti sérfræðingur á sviði sjálfstæðra fyrirtækja og klasafræða. Hann er forseti The Competitiveness Institute: The Cluster Practitioners Network (www.competitiveness.org) í Bandaríkjunum og starfar sem ráðgjafi innan samtakanna The Economic Competitiveness Group (www.ecgroup.com). Hann hefur m.a. starfað í Suður Ameríku, Afríku, Bandaríkjunum og Evrópu. Á námstefnunni mun hann sýna dæmi um árangur samstarfs hátæknifyrirtækja í Bandaríkjunum, eins og fyrirtækja í Silicon Valley.

Markmið Markmið námstefnunnar er að kynna og skapa umræður meðal fyrirtækja og stofnana sem stunda öfluga þróunarvinnu, hvernig hægt er að ná frekari árangri og útrás með klasasamstarfi. Sýnt hefur verið fram á að árangur þeirra fyrirtækja sem hafa nýtt sér þessa aðferðafræði er mun meiri en ella.

Verð kr. 9.500.-

Pekkingarsetur
Iðntækni stofnunar

Sjá nánari upplýsingar á Vef Iðntækni stofnunar www.iti.is
Skráning: iti@iti.is eða í síma 570 7100



BARÁTTU FUNDUR SÁÁ

Bráðamóttaka eða biðlisti?

Háskólabíó þriðjudaginn
4. október kl. 20:00

Guðmundur Steingrímsson
Ragnheiður Gröndal
Karlakórinn Fóstbræður
Hljómsveitin Jagúar
Gítar Islancio
„HvaðEF“ Skemmtifræðsla

Sérstök sýning í anddyri
opnar kl. 19:00


Sýnum samstöðu
og fjölmennum

ADGANGUR ÓKEYPIS



Samtök áhugafólks
um áfengis- og
vímuefnavandann

ÞJÓÐARÚTGJÖLD



baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: PENSLA

Markaðurinn fái að ráða

Hagstjórn íslenska ríkisins hefur verið í umræðunni á liðnum vikum. Ýmsir fulltrúar fyrirtækja í útflutningsgreinum hafa bent á að hátt gengi krónunnar komi illa niður á viðskiptum og einn slíkur talaði um „arfavitlausu hagstjórn“. Fjármálaráðuneytið birti í gær þjóðhagsspá fyrir árin 2005 til 2010. Í skýrslunni er meðal annars fjallað um svigrúm ríkisins til þess að hafa áhrif á þenslu.

Hvernig má beita ríkisfjármálum gegn þenslu?

Í þjóðhagsspánni er vitnað til rannsóknar sem OECD lét framkvæma á því hvernig hægt væri að beita ríkisfjármálum gegn ofhitnun í hagkerfinu. Í niðurstöðunum er sagt að í litlum opnum hagkerfum, rétt eins og við búum í, séu svokölluð margfeldisáhrif ríkisfjármála

takmörkuð. Af þessum sökum þurfi stórar sveiflur í ríkisútgjöldum til þess að ýmist vinna gegn þenslu eða lyfta upp úr kreppuástandi. Stórar sveiflur í ríkisútgjöldum eru hins vegar almennt ekki taldar af hinu góða.

Hverjar eru þá lausnirnar?

Lausnirnar ganga að miklu leyti út frá því að markaðsöflin í litlum hagkerfum eigi auðveldara með að bregðast við breyttum markaðsaðstæðum. Þannig er sagt að öflug samkeppni og viðskipta-samruni milli landa ásamt sveigjanlegum launamarkaði vinni að jafnaði gegn ójafnvægi í hagkerfinu en virk beiting ríkisfjármála með miklum sveiflum skattheimtu og ríkisútgjöldum gefi skakka mynd af markaðinum



og skapi óvissu. Rök eru þannig leidd að því að skynsamlega sé að setja ríkisfjármálum langtíamarkmið og láta markaðsöflunum eftir að sjá um hagsveifluleiðréttingar.

SPURT OG SVARAÐ

NÝR FORMAÐUR SUS

Áhersla á frelsi einstaklingsins

Borgar Þór Einarsson var um síðustu helgi kjörinn formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna, SUS, en hálfystir hans Helga Lára Haarde lenti í öðru sæti í kjörinu. Mikilla deilna hefur orðið vart innan sambandsins og fyrir skemmstu fordæmdu nokkrir Heimdallingar vinnubrögð stjórnar Heimdallar og sögðu stjórnarmenn hafa hafnað þeim um seturétt á SUS-þinginu.

Hvernig hyggst þú sætta stríðandi öfl innan SUS?

Ég mun til dæmis bjóða öllum verkefni til að takast á við og ég veit það að þegar allir stefna að sameiginlegu markmiði verða menn að snúa bókum saman og ég veit að við berum gæfu til þess.

Hvaða mál munt þú leggja mesta áherslu á?

Ég á nú ekki von á því að það verði einhverjar miklar róttækar breytingar á stefnu sambandsins undir minni stjórn. Flestir okkar SUS-ara eiga ágætlega hugmyndafræðilega samleið svona í grunninn en ef það er eitthvað sem ég vil leggja frekari áherslu á væri það að standa frekari vörð um frelsi einstaklingsins og hvað varðar hans friðhelgi og annað.



BORGAR ÞÓR EINARSSON

Ég lit á mig sem frjálslyggjumann, það er alveg klárt.

Fannst þér ekki undarlegt að hálfystir þín hlýti næstflest atkvæði á eftir þér?

Jú, hún var þarna að mæta á sitt fyrsta SUS-þing en málið er það að þeir sem voru ekki sáttir við mig ákváðu að láta það í ljós með því að kjósa hana þannig að þetta var svona spaug af þeirra hálfu.

Sterkur ríkissjóður í þöndu hagkerfi

Ríkissjóður stendur betur en oftast áður. En opinberar framkvæmdir verða í lágmarki á næsta ári vegna þenslunnar. Stjórnarandstaðan segir ríkisstjórnina miklast af góðum tekjuauka ríkissjóðs og hún skynji ekki óstöðugleika efnahagslífsins.

„Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2006 er lagt fram með 14,2 milljarða króna tekjuafgangi og felur því í sér áframhaldandi aðhald í ríkisfjármálum og sífellt sterkari stöðu ríkissjóðs. Stefnan í ríkisfjármálum hefu stuðlað að stöðugleika samhliða öflugum hagvexti en einnig gefið svigrúm til að lækka skatta á sama tíma og skuldir ríkisins eru greiddar niður.“

Þannig hefst fréttatilkynning sem fjármálaráðherra gaf út um leið og hann lagði fram fjárlagafrumvarpið fram á Alþingi í gær. Fram kemur að næsti áfangi í lækkan tekjuskatts einstaklinga komi til framkvæmda á næsta ári. Ráðgert er að lækka hann um eitt prósentustig sem jafngildir um fjórum milljörðum króna.

Helstu forsendur fjárlagafrumvarpsins eru þær að gert er ráð fyrir 4,6 prósentu hagvexti, 3,8 prósentu verðbólgu og að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist um 2,7 prósent. Atvinnuleysi verður óverulegt en viðskiptahalli áfram mikill vegna stóriðjuframkvæmdanna standist þessar forsendur.

Menntun er hagvöxtur framtíðarinnar

Í heildina tekið eru tekjur ríkissjóðs áætlaðar 327 milljarðar króna eða lítillega 20 milljörðum meiri en á yfirstandandi fjárlagaári. Útgjöldin eru áætluð um 313 milljarðar.

Þótt aðhalds sé gætt í framkvæmdum og verulega hafi dregið úr vaxtabyrði ríkissjóðs er áætlað að auka útgjöld til menntamála um 12 prósent. Einnig er áætlað að auka útgjöld til heilbrigðismála, löggæslu og öryggismála svo nokkuð sé nefnt.

Árni Mathiesen fjármálaráðherra segir að með nærri þriggja milljarða króna aukningu til menntamála sé verið að leggja grunn að hagvexti framtíðarinnar. „Það eru miklar breytingar í atvinnulífnum. Störfín breytast mikið og þau gera kröfur um aukna menntun. Við þurfum að bregðast við því, bæði í framhaldsskólanum og háskólastiginu. Og eins gerir atvinnulíf kröfur til þess að við séum með sterkan rannsóknagrunn til þess að styrkja aukna verðmætasköpun inn í framtíðina. Þetta er framhald af þeirri stefnu sem við höfum fylgt undanfarin ár,“ segir Árni.



ARNI MATHIESEN „Það eru miklar breytingar í atvinnulífnum. Störfín breytast mikið og þau gera kröfur um aukna menntun,“ segir Árni um tólf prósentu aukningu til menntamála í fjárlagafrumvarpinu.

Hvaða stöðugleiki?

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir formaður Samfylkingarinnar segir að þótt tekjur ríkissjóðs aukist enn aukist útgjöldin að sama skapi. „Útgjaldaaukningin er 1,8 prósent að raungildi í fjárlögum næsta árs. Ríkisstjórnin hafði sett sér það sem markmið að það yrði ekki nema 1 prósent raunaukning á ári. Þetta finnst mér skjóta skökku við þegar varúðarbjöllur hringja alls staðar vegna þenslunnar. Það er athyglisvert að á þessu ári var gert ráð fyrir 10 milljarða króna afgangi. Hann reynist nú vera 28 milljarðar króna. Ríkissjóður fékk um 30 milljarða króna búhnykk með skatttekjum sem fást með auknum umsvifum.“

Ingibjörg segir að enn sé talað um að viðhalda stöðugleikanum. „Um hvaða stöðugleika er verið að tala? Stöðugleika heimilanna sem hafa aukið skuldsetningu milli ára um 150 milljarða króna? Er það stöðugleikinn sem mælist í háum stýrivöxtum og hágengi? Eða er það stöðugleikinn sem lesa má úr viðskiptahalla sem er meiri nú en sögur fara af.“

Ingibjörg kveðst ekki sjá betur en að ætlunin sé að leggja af bensínstyrk til hreyfihamlaðra. „Það er furðulegt að skerða á slíkum stöðum þegar peningar flæða annars staðar,“ segir Ingibjörg.

Ríkisstjórn í afneitan

„Auðvitað er auðvelt að ná saman fjárlagafrumvarpi þegar viðskiptahallinn og umframeyðslan er mikil,“ segir Steingrímur J. Sigfússon formaður Vinstri grænna. „En skuggahliðin á því er að ríkissjóður er í rauninni að græða á skuldaaukningunni. Ég sé ekki að ríkissjóður sé á nokkurn hátt

að horfast í augu við jafnvægisleysið í þjóðarbúskapnum. Þvert á móti reynir fjármálaráðuneytið bersýnilega að gera lítið úr hættunni. Ríkisstjórnin er að þessu leyti á fullkomun afneitanarstigi gagnvart þeim aðstæðum sem útflutnings- og samkeppnisatvinnuvegir standa frammi fyrir. Og þólendur þessa ástands eru svo ýmsir málaflokkar á sviði velferðarþjónustu sem alls ekki er lagt til. Ég nefni málefni aldradra. Með auknum framföllum til menntamála er í rauninni verið að bregðast við seint við fjölgun nemandra, bæði á framhalds- og háskólastigi. Mér er til efs að þetta dugi nema til þess að koma málum upp undir núllið á nýjan leik vegna þeirra erfiðleika sem reksturinn í fyrria og á yfirstandandi ári hefur verið í,“ segir Steingrímur.

Veislan tekur enda

Guðjón A. Kristjánsson formaður Frjálslynda flokksins segir að ríkisstjóður hafi miklar tekjur. „Við höfum úr miklu að spila og reynt er að hemja þensluna með því að draga úr framkvæmdum. Útflutningsatvinnuvegir eiga mjög undir högg að sækja við núverandi skilyrði. Við sjáum stöðu sjávarþorpa sem þola samdrátt og nú niðurskurð framkvæmda af hálfu ríkisins. En veislan tekur enda árið 2008 en þá eru horfur á að ríkissjóður verði rekin með halla. Það er vont að missa grunnatvinnustarfsemi úr landinu vegna efnahagsstjórnarinnar.“



FRÉTTASKÝRING
JÓHANN HAUKSSON
johannh@frettabladid.is

DV

Dóttir vill svipta föður sjálfreði

EYDDI 105 MILLJÓNUM A FYLLERII

DÝRSTA FYLLERÍ ÍSLANDSSÖGUNNAR TÓK ÞRJÚ ÁR

Þeir þegar aðrir þegja!



VINSÆLASTA KAPPHLAUP Í HEIMI

Nú fækkar liðunum óðum og enn eitt heldur heim á leið í Amazing Race í kvöld kl. 20:30.



skoðun

**SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNASSON**

Gert er ráð fyrir 14 milljarða afgangi af fjárlögum næsta árs.

Skattalækkunar og barnabætur

Fjárlagafrumvarp nýs fjármálaráðherra, Árna M. Mathiesen, hefur litið dagsins ljós. Eins og búast mátti við er þar talað um áframhaldandi aðhald í ríkisfjármálum og veitir ekki af á þessum miklu þenslutímum. Reyndar er þetta frumvarp fyrrverandi fjármálaráðherra, því stutt er síðan óvænt stólaskipti áttu sér stað í ráðuneyti Halldórs Ásgrímssonar. Í fjárlagafrumvarpinu fyrir næsta ár er gert ráð fyrir rösklega fjórtán milljarða tekjuafgangi og að skuldir ríkissjóðs verði lækkaðar um 6,6 milljarða króna - og munar um minna.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að tekjuskattur einstaklinga lækki um eitt prósentustig, eins og ríkisstjórnin lagði upp með í byrjun kjörtímabilsins. Þessi lækkun mun nema um fjórum milljörðum á næsta ári. Þá verður eignarskattur felldur niður frá og með næsta ári og einnig svonefndur hátekjuskattur. Allar þessar skattalækkunar koma þeim fyrst og fremst til góða sem eru í sæmilegum eignum og hafa þurft að greiða bæði eignarskatt og hátekjuskatt. Almennir launamenn njóta þessara lækkana hins vegar ekki nema hvað varðar lækkun tekjuskattsins. Síðasti áfangi lækkunar tekjuskattsins tekur svo gildi ári 2007 en þá lækkar hann um tvö prósentustig á síðasta ári kjörtímabilsins. Í þessu fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir að barnabætur hækki um 1,2 milljarða króna, sem kemur þá ungu fólki til góða.

Rauði þráðurinn í greinargerð með fjárlagafrumvarpinu er

Allar þessar skattalækkunar koma þeim fyrst og fremst til góða sem eru í sæmilegum eignum og hafa þurft að greiða bæði eignarskatt og hátekjuskatt. Almennir launamenn njóta þessara lækkana hins vegar ekki nema hvað varðar lækkun tekjuskattsins.

aðhald og aftur aðhald í ríkisfjármálum. Þannig er í frumvarpinu gerð grein fyrir aðgerðum sem spara eiga ríkissjóði um fjóra milljarða króna í útgjöldum. Stærsti liðurinn er samdráttur í áður boðuðum vegaframkvæmdum en síðan koma Símapeningarnir til sögunnar eftir stórframkvæmdatímabilið í ár og á næsta ári og eiga þeir að deyfa áhrifin af niðursveiflunni sem von er á þá.

En þótt ljóst sé að þetta er við fyrstu sýn aðhaldsfrumvarp er spurning hvort aðhaldið sé nóg, því mikil er þenslan. Staða ríkissjóðs er geysilega sterk en það er eins og samstöðu vanti hjá ríkinu og Seðlabankanum um aðgerðir til að hafa hemil á þenslunni og þar með verðbólgunni. Seðlabankinn hefur samkvæmt lögum ákveðnu hlutverki að gegna í hagstjórninni og hann á að sjálfsögðu að starfa sjálfstætt og því getur verið erfitt um samráð í þessum eignum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir auknum framlögum til menntamála og rannsókna í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar. Framlög til menntamála aukast þannig um tólf prósent frá fjárlögum í ár og munu þessir fjármunir einkum fara til menntunar á framhalds- og háskólastigi. Hvernig þeim fjármunum verður nákvæmlega varið kemur fram í frumvarpinu. Það er þakkarvert að stuðla að aukinni menntun í landinu og styðja við bakið á rannsóknastarfsemi en fleiri háskólar og fleiri nemendur þar mega ekki verða til þess að háskólamenntun hér á landi fletjist út, því háskólar verða að standa undir nafni.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Engin skýring

Össur Skarphéðinsson skrifaði eftirfarandi á blogg sitt í gær: „Í tölvupósti um frá ritstjóra Morgunblaðsins sem Fréttablaðið hefur birt skýrir hann á einum stað fyrir viðmælenda sínum hví skattranssókn á þrjúótunum í Baugi hafi ekki hafist. Hann segir þar að hugsanleg skýring sé sú að fjármálaráðherra sé ekki kominn úr sumarfrí! Ég hef velt þessum ummælu fyrir mér og ekki komist ennþá að niðurstöðu, en tek eftir því að Styrmir Gunnarsson forðast aðra fjölmiðla en þá sem hann ræður.“

Morgunblaðið

Pólítísk afskipti

Össur heldur áfram: „Núna rétt áðan í Kastljósi var Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra, líklega öflugasti ráðherra Framsóknar, spurð út í hvernig hún skildi þessi ummæli. Efnislega sagði hún eftirfarandi um ritstjóra Morgunblaðsins: Ég lit svo á að hann telji að það eigi að vera pólítísk afskipti af skattalög-reglunni.“



Opinber vinnumiðlun

„Vantar þig erlent vinnuafli?“ er spurt í áberandi atvinnuauðgýsingu í dagblöðunum um helgina. Þar er atvinnurekendum og umsækjendum boðin ókeypis þjónusta opinberrar stofnunar sem nefnist EES-vinnumiðlun. Meðal þess sem EES-vinnumiðlun tekur sér fyrir hendur er að leita í gagnabanka að umsækjendum, auglýsa störf, sjá um forval umsækjenda, leiðbeina um lífsskiptir á Íslandi og fleira. Ekki er að efa að þessi stofnun vinnur gagnlegt starf, en hvers vegna er hún ríkisrekinn? Er hún ekki í samkeppni við einkareknar vinnumiðlanir? Og stríðir það ekki gegn EES-samningnum?

gm@frettabladid.is

Framdi Fréttablaðið glæp?

Hróbjartur Jónatansson hrl. ritar grein í Morgunblaðið 3. október undir heitinu „Glæpur Fréttablaðsins“. Í greininni fjallar lögmaðurinn um lögmannsmál sem hann fer með f.h. Jónínu Benediktsdóttur. Í greininni er því haldið fram að Fréttablaðið hafi framið glæp og vísar lögmaðurinn til nokkurra lagaákvæða m.a. stjórnarskrár og almennra hegningarlaga.

Í grein sinni gefur lögmaðurinn sér þá forsendu að glæpur hafi verið framinn en það er röng staðhæfing. Lögmannsmálið er einkamálið og hefur ekkert með glæp að gera, refsing eða viðurlög.

Tjáningarfrelsisákvæði 73. gr. er mjög víðtækt. Í dómi Hæstaréttar í máli gegn Agnesi Bragadóttur frá 1996 segir meðal annars: „Efni ákvæðisins á röt sína að rekja til ákvæða stjórnarskrár og mannréttindasáttmála um tjáningarfrelsi og byggist á þeim sjónarmiðum að það sé almennt æskilegt og í samræmi við lýðræðishefðir að almenningur fái að fylgjast með því sem er að gerast í þjóðfélaginu. Í málinu var krafist að Agnes gæfi upp heimildarmann sinn en rannsóknarlögregla taldi að einn af yfirmönnum Landsbanka Íslands hefði gerst brotlegur við ákvæði laga og rofið þagnarskyldu og orðið með því sekur um alvarlegt trúnaðarbrot. Þeirri beiðni var hafnað og um leið viðurkennt mikilvægi þess að tjáningarfrelsið sé ekki heft með þeim hætti að það geti skaðað eðlilega lýðræðislega umræðu og upplýsingagjöf.“

Fréttablaðið hefur ekki brotið gegn ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga eins og lögmaður Jónínu Benediktsdóttur heldur fram. Í 5. gr. laganna er vísað til að vika megi frá ákvæðum laganna í þágu fjölmiðlunar en það er ekki aðalatriðið heldur hitt að lögin gilda um rafræna og handvirka skráningu persónuupplýsinga sem eiga að vera hluti af skrá.

Tilvísun í lög um fjarskipti hefur takmarkað gildi enda bendir lögmaðurinn ekki á sérstaka lagagrein fullyrðingum sínum til stuðnings. Markmið þeirra laga er að tryggja hagkvæm og örugg fjarskipti hér á landi og efla virka samkeppni á fjarskiptamarkaði. Ákvæði laganna um vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs varðar aðallega þá sem

UMRÆÐAN LÖGBANNIÐ Á FRÉTTABLAÐIÐ



JÓN MAGNÚSSON
HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR

Glæpur Fréttablaðsins er sá einn að hafa rækt skyldu sína við málfrelsið og eðlilega upplýsingagjöf til almennings í landinu. Sumir kalla það ef til vill glæp en ég kalla það virðingu fyrir að gefa borgurum í lýðfrjálsu landi eðlilegar upplýsingar.

hafa með fjarskipti að gera, en ekki birtingu fjölmiðils úr ljósritum.

Lögmaðurinn vísar í lögmannsbeiðni sinni til 228. og 229. gr. almennra hegningarlaga því til stuðnings að Fréttablaðið hafi brotið af sér. Verknáðarlýsing 228. gr. almennra hegningarlaga á ekki við um birtingu Fréttablaðsins á ljósritum af tölvupósti Jónínu Benediktsdóttur. Málið er ekki flóknara en það.

Í 229. gr. alm. hgl. segir að hver sem skýri opinberlega frá einkamálefnum annars manns án þess að nægar ástæður séu fyrir hendi er réttlæti verknáðinn skuli sæta þar til greindri refsingu. Meginatriðið er að það er almennt óheimilt að skýra frá einkamálefnum fólks. Á því eru þó undantekningar og séu þær ástæður fyrir hendi sem réttlæta verknáðinn er þar ekki um refsivert brot eða glæp að ræða. Slíkar ástæður voru fyrir hendi varðandi birtingu Fréttablaðsins, auk heldur var ekki um einkamálefni að ræða.

Fréttablaðið birti eingöngu úr gögnum fréttafni sem á erindi til almennings eftir að blaðamaður hafði rætt við hlutaðeigandi. Gerð er grein fyrir verkþáttum ákveðinna nafngreindra og að hluta ónafngreindra aðila við að koma fram ákæru á hendur forráðamönnum Baugs. Frá því í ágúst mánuði hefur verið fjallað um þær ákæru. Ýmsir aðilar hafa tjáð sig um málið. Skiptir

máli fyrir fólk að fá að vita hvernig málið varð til? Er glæpur að upplýsa það? Er glæpur að gera grein fyrir verkþáttum þeirra sem komu að því að fá Jón Gerald Sullenberger til að kæra? Getur nokkur haldið því fram að upplýsingar um það eigi ekki erindi til almennings í landinu? Að sjálfsögðu á almenningur í landinu að fá að vita hverjir það eru sem koma að því að ákæra á hendur forsvarsmönnum Baugs er sett fram. Slíkt er eðlileg hluti af umræðu og upplýsingagjöf í lýðræðisþjóðfélagi. Af þeim sökum mundu upplýsingar um atriði sem skipta jafn miklu máli aldrei verða talin brot gegn ákvæði 229. gr. almennra hegningarlaga. En fleira kemur til. Fréttablaðið hefur ekki skýrt frá einkamálefnum þeirra aðila sem um ræðir. Birtar voru upplýsingar um það með hvaða hætti reynt var að koma á skattranssókn gagnvart Baugi og síðar kærðu á hendur forsvarsmönnum Baugs. Slíkt eru ekki viðkvæmar persónuupplýsingar um sendanda eða viðtakendur tölvupóstsins þó þar sé um viðkvæmar og óvæntar upplýsingar að ræða. Fréttablaðið hefur því ekki framið glæp. Fréttablaðið hefur ekki gert annað en að gegna því hlutverki sem skylda fréttamiðils og hver einasti frjáls fjölmiðill hefði birt í lýðfrjálsu landi.

Hvar hefði Watergate-málið lent hefðu viðmiðanir gilt sem lögmaður Jónínu heldur fram? Hvað hefði orðið um ákæru á New York Times vegna Pentagon-skjalanna? Í stað þess að Nixon hrökklaðist frá völdum og Erlichman og Haldeman lentu í fangelsi hefðu Bandaríkjamenn setið uppi með menn á æðstu valdastólum sem höfðu gerst brotlegir við refsilög. Birting gagna er ekki glæpur fréttamiðilsins jafnvel þó einhver hafi komist yfir þau með ólögum hætti.

Hefði Fréttablaðið stungið þessum gögnum undir stól og ekki birt það sem máli skiptir hefði Fréttablaðið framið glæp gegn lesendum sínum og lýðræðinu í landinu. Glæpur Fréttablaðsins er sá einn að hafa rækt skyldu sína við málfrelsið og eðlilega upplýsingagjöf til almennings í landinu. Sumir kalla það ef til vill glæp en ég kalla það virðingu fyrir að gefa borgurum í lýðfrjálsu landi eðlilegar upplýsingar. ■

PÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSI
VEF.TV



HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir í stafrænum gæðum á visir.is

MARKAÐURINN
FYLGI FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Mest lesna viðskiptablaðið

AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Halldórsson FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinn Stefánsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **ADALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböngum án endurgjalds. ÍSN 1670-3871



Sólarupprás Hádegi Sólarlag
 Reykjavík 7.45 13.16 18.46
 Akureyri 7.32 13.01 18.29
 Heimild: Almanak Háskólans

allt

heilsa o.fl.

Bjórdrýkkja vaxandi vandamál bls. 2



heilsa o.fl.

Varnarlaus í kvikmyndum bls. 3



FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL

Góðan dag!

Í dag er þriðjudagurinn 4. október, 277. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Avokadó er stór grænn ávöxtur með Þorsteini í miðjunni!



SMÁAUGLÝSINGAR

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR
SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ
SMÁAUGLÝSINGAR
Á visir.is

visir



Ragnheiður Guðfinna hugsar vel um heilsuna.

Gott að sitja heima og hlusta á þögnina

Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir hugsar vel um heilsuna og leggur mikla áherslu á nægan svefn, hollt mataræði og líkamsrækt.

„Ég reyni að fara eins oft í World Class og ég mögulega get, en það er oft erfiðara að finna tíma þegar maður er með barn. Ég á hins vegar frábæran barnsföður sem er með barnið okkar aðra hverja viku og þá fer ég alltaf klukkan sex á morgnana,“ segir Ragnheiður. Hún segir að þar sem hún sé frekar grónn verði hún að passa sig á því að brenna ekki mjög miklu og hún leggi því meiri áherslu á að byggja upp vöðva með því að lyfta.

Ragnheiður segist hugsa mjög mikið um mataræði. „Stundum finnst mér að ég mætti hugsa minna um það. Ég borða mikið af lif-

andi fæði, eins og ég kalla það, en það eru ávextir og grænmeti. Ég hef líka áttað mig á því hvað er mikilvægt að fá nóg af súrefni og vatni í líkamann en oft þegar maður er orkulaus er það ekki matur sem mannvantar.“ Hún segist borða oft og lítið í einu. „Þegar maður borðar minna í einu fær maður meiri kraft en þegar maður borðar mikið í einu, því þá fer öll orkan í meltinguna.“

Ragnheiður segist passa upp á að fá nógu mikinn svefn. „Ég þarf minn svefn því annars verð ég verulega pirruð. Svefn er gífurlega mikilvægur upp á ferskleika og útgeislun. Ég mætti samt gefa mér meiri tíma í slökun. Eitt það besta sem ég geri er að sitja heima uppi í sófa og hlusta á slökunardiskinn hans Friðriks Karlssonar eða bara hlusta á þögnina.“

emilia@frettabladid.is

LIGGUR Í LOFTINU [Í HEILSU]

LIFIR ÞÚ Í TAKT við þína náttúrulegu líkamsgerð er spurning sem reynt verður að svara í fyrirlestri sem haldin verður í kvöld klukkan 18.00 í fræðsluáðstöðunni hjá Manni lífandi, Borgartúni 24. Fyrirlesari er Sigurlín Guðjónsdóttir, jógakennari og ayurvedískur heilsuráðgjafi. Ayurvedafræði skoða hvernig þú getur sinnt þinni líkamsgerð betur í mataræði, hugarfari og lífstíl, hvernig þú heldur líkamsgerð þinni í jafnvægi og hvað ber að varast gagnvart þinni líkamsgerð. Námskeiðið kostar 1500 krónur.

FRÆDSLUEINDI undir undirskriftinni „Að vera manneskja“ verður haldið af starfsfólki geðsviðs Reykjalundar ha-

nda almenningi í Gerðubergi frá 14-16.30 í dag. Grunnhugmynd þessarar fræðslu er að hvetja sjúklinga til þess að taka ábyrgð á eigin geðheilsu. Erindin nefnast „Viðmót skapar viðmót“, „Áhrif depurðar á daglegt líf“, „Samskipti og félagsfærni“, „Jafnvægi í daglegu lífi“ og „Áhrif hreyfingar á andlega líðan“.

NÝJAR VÍTAMINTÖFLUR eru komnar á markað fyrir börn. Töflurnar eru gerðar af Icepharma fyrir Latabæ. Hægt er að fá fjölvítamín, fjölvítamín án A- og D-vítamína (fyrir þá sem taka lýsi), kalk og C-vítamín. Um er að ræða tuggutöflur með bragði og hefur fyrsta upplag nú þegar selst upp.



OKTÓBER Kafbátur mánaðarins **6 tommu** **BMIT** **6 tommu bátur** **kr. 299**

með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða

Gildir í október 2005
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjórnunáli

SUBWAY

Viðvarandi höfuðverkur getur orsakast af tannskemmdum. Mikilvægt er að hirða vel um tennurnar og fara reglulega til tannlæknis.



Flott í vetur
Ný tæki - Betra verð!

VERD-LÆKKUN

SLENDERTONE **MAX** 17.900.- kr.
SLENDERTONE **FLEX** 12.900.- kr.

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

Léttvíns- og bjórneysla er vaxandi vandamál á Íslandi

Valgerður Rúnarsdóttir, læknir á Vog, segir miðaldra fólki fjölga sem komi í sína fyrstu meðferð vegna ofneyslu léttvíns, bjórs og lyfja.



„Það er fleira fólk yfir fertugu að koma í fyrsta skipti í meðferð og það gildir um bæði kyn. Vínmenningin virðist hafa breyst ansi mikið á síðari árum og snýst nú orðið meira um bjór- og léttvínssull í tíma og ótíma en áður,“ segir Valgerður. En hvenær telur hún slíka drykkju orðna að vandamáli? „Þegar drykkjan er farin að taka eitthvað frá fólki sem það er ósátt við,“ svarar hún að bragði og bætir við. „Ef fólk er óánægt með hvað það notar mikið af áfengi og gengur illa að breyta því þá er eitthvað að. Makinn og börnin eru kannski farin að setja út á neysluna líka og þá byrjar oft feluleikur fyrst, einangrun og skömmustutilfinning. Það vindur oft upp á sig. Þetta er svona ein útgáfan en auðvitað eru alls konar útgáfur af neyslumynstrum.“

Valgerður segir algengt að þeir sjúklingar sem komnir eru á miðjan aldur þegar þeir leita í fyrsta skipti hjálpar misnoti líka lyf, bæði róandi lyf og verkjalyf og það sé algengara meðal kvenna en karla. Reyndar segir hún að konum sé alltaf aðeins að fjölga hlutfallslega þegar tölur yfir nýja sjúklinga séu skoðaðar. Í fyrra voru þær 35%. „Það er í sjálfu sér gott að þær komi,“ segir Valgerður. „Hitt er of algengt að þær þori ekki að koma og séu hræddar

Bjórinn er bölvaldur á sumum heimilum en sem betur fer á fólk kost á hjálp þegar neyslan er komin úr böndum.

Valgerður segir vinnmenningu landans hafa breyst á síðari árum.

við umtalið. Þær eru oft fremur tengdar börnum og barnabörnum í hugum fólks en karlar og finnst svo mikil skömm að því að þeirra

misnotkun komist upp. Því hafa þær ekki leitað sér aðstoðar í þeim mæli sem þær ættu að gera. Fordómarnir fara samt minnkandi sem betur fer enda er hver sem leitar sér hjálpar við sínum vanda maður að meiri.“

Sykurlaus jógúrt!

Hreina lífræna jógúrtin frá Biobú er framleidd án sykurs. Aðeins er notaður lífrænn hrásykur í öðrum jógúrt tegundum frá Biobú.

Bio-Bú

www.biobu.is var kosinn besti íslenski bændaverdurinn

Biobú ehf. • Stangarhyl 3a • Sími: 587 4500 • Netfang: biobu@biobu.is • www.biobu.is

Ný húð Á aðeins 5 dögum með Green peel, herbal peeling.

Notað til meðferðar á:
Óhreinni húð • Stækkun svitahola
Ótímabærrar öldrunar á húð
Hrukkum • Örum • Húðsliti
Appelsínuhúð • Minnkandi sveigjanleika húðar á maga, upphandleggjum og lærum

SPA fegurð

Heiðís Steinsdóttir, snyrtifræðingur
S. 511 6660 Laugarvegi 96 (hjá Toni&Guy)

YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT
Síðumúla 15, s. 5885711 og 6946103

YOGA YOGA YOGA

Líkamsæfingar, öndunaræfingar
slökun og hugleiðsla
Sértímar fyrir barnshafandi og kraftyoga

Allir yoga unnendur velkomnir

www.yogaheilsa.is • yogaheilsa@yogaheilsa.is

Rammíslenskar Speltkökur og Kartöflukökur af Ströndum
100 ára hefð og ekkert nema hollusta

Þú borðar þær með uppáhalds áleggnum, kannski yvolgar úr ofninum, ristaðar, með hvítlauksolíu, stundum eins og pizzur ... eða eins og Strandamenn, glænýjar með íslensku smjöri.

Fáðu þér Speltkóku og Kartöflukóku í næstu matvöruverslun. Hollara brauð finnst varla.

Sími: 565 2770

Multidophilus-12

12 tegundur lifandi mjólkursýrugerla. Geymdir í kæli og þess vegna virkari. Yfir 20 milljarðar í hverjum skammti. Berið saman lesningu á umbúðum.

Heilsuhornið
hollustunær vegna

Glerártorgi, Akureyri, sími 462 1889, fæst m.a. í
Lífsins Lind í Hagkaupum, Maður Lifandi Borgartúni 24, Árnesapóteki Selfossi, Yggdrasil Skólavörðustíg 16, Fjarðarkaupum, Lyfjaval Hæðasmára og Þönglabakka, Líflind Mosfellsbæ, Stúdíó Dan Isafirði
www.simnet.is/heilsuhorn

PÓSTSENDUM

Gallery fiskur

Breyttur opnunartími í veitingahúsi

Mán.-fös.: 11:30-15:00
Fim.-lau.: 18:00-22:00
Sun.: LOKAÐ

Verslun: mán.-fös.: 10:00-18:30
Nethylur 2, 110 RVK. S: 587 2882

www.galleryfiskur.is

Epli á dag kemur línumum í lag

AppleSlim Xtra stuðlar að heilbrigðri meltingu, örvar niðurbrot fitubirgða, dregur úr vökvæðun og sykurlöngun.

Náttúruleg innihaldsefni: Eplaedikskraftur, vítamín og steinefni ásamt öflugum sindurvörum.

AppleSlim Xtra árangursrik leið til að greinast

Fæst í apótekum

989 BYLGJAN

Lífsaugað
Þriðjudagskvöld 22-24

Þórhallur miðill



Líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

Alþjóðadagur um líkn

Laugardaginn 8. október verður haldinn alþjóðadagur um líkn í fyrsta sinn.

Alþjóðadagur um líkn er sam-eiginlegt átak fjölda samtaka fagfólks sem vinna við líknandi meðferð og alþjóðlegra góðgerðastofnana sem styðja sérstaklega við þróun líknarþjónustu. Vorið 2005 var samþykkt krabbameinsáætlun fyrir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina (WHO). Áhersla er lögð á líknar meðferð sem sjálfstætt eðferðarform og mikilvæg- an hekk í allri krabbameinsmeðferð. Þó að líknandi meðferð hafi náð mestri útbreiðslu í þjóðunni við krabbameinssjúklinga ætti hún að ná til allra sjúklinga með lífshættulega sjúkdóma.

Í tilefni alþjóðadagsins standa Samtök um líknandi meðferð á Íslandi fyrir opnu húsi milli kl. 13-15 á 4. hæð í húsi Krabbameinsfélagsins við Skógarhlíð. Allir eru velkomnir og er aðgangur ókeypis. Þar munu sérhæfðu líknarþjónusturnar á höfuðborgarsvæðinu kynna starfsemi sína og fjölmargir heilbrigðisstarfsmenn verða á staðnum. Þetta er í fyrsta sinn sem haldinn er alþjóðadagur um líkn.



Óábyrgt kynlíf er stundað í myndinni American Pie.

Óábyrgt kynlíf stundað í kvikmyndum

Óábyrgt kynlíf er stundað í bandarískum kvikmyndum. Neysla eiturlýfja og annarra vímuefna er sömuleiðis sýnd í jákvæðu ljósi.

Söguhetjurnar á hvíta tjaldinu eru ekki til fyrirmyndar þegar kemur að heilsusamlegu lífverni. Áströlsk rannsókn kemst að þessari niðurstöðu í nýrri rannsókn. Skoðaðar voru 200 vinsælustu kvikmyndir allra tíma og hvaða viðhorf þær birta til ábyrgs kynlífs, drykkju og dópneyslu.

Af þessum vinsælu kvikmyndum sem gerðar voru eftir að alnæmi varð þekkt er einungis minnst á notkun smokka í einni þeirra, *Pretty Woman*. Í öðrum koma getnaðarvarnir ekki við sögu í kynlífsatriðum.

Áfengisneysla er mun algengari í Hollywood-myndum en neysla fíkniefna. En þó er eftir því tekið í rannsókninni að fíkniefna-neysla er iðulega sýnd sem hin sakleysilegasta iðja þegar hún er í mynd.

Dr. Hasantha Gunasekera, hjá Sidneyháskóla, sem stýrði rannsókninni, benti í samtali við BBC á að kvikmyndaiðnaðurinn hefði áhrif á milljarða fólks um heim allan. „Auðvitað vitum við að markmið geirans er fyrst og fremst að skemmta fólki og græða pening. Ráðleggingar um heilsusamlegt lífverni eru ekki markmið kvikmyndaiðnaðarins.“

Eigi að síður segir Gunasekera að hann sé hissa og hlessa á því að engin viðleitni sé til þess að sýna öruggt kynlíf eða hvaða áhrif eiturlýfjaneysla hefur.

Futurebiotics

SÓLHATTUR + C-vítamín

Ótrúlega öflugur kvefbaní. Bólguveiyðandi og styrkir ónæmiskerfið

HÁGÆÐA AMERÍSK FÆÐUBÓTAREFNI

Fæst í apótekum, heilsuþúðum og matvöruverslunum

Snyrti Lindin

10% kynningarafsláttur af Dr.Hauschka andlitsböðum

Lífæran Snyrtivörur

Hæðasmára 6 201 Kópavogi sími 564 5455

bailine

NÝTT á Íslandi

Bailine vaxtarmótunarmeðferð

Eru línurnar vandamál?

Við bjóðum þér upp á ÓKEYPIS PRUFUTÍMA í tölvustýrðu þjálfunartæki á meðan þú liggur og slakar á í notalegu umhverfi.

Viltu grenna þig og minnka ummálið, nú hefur þú tækifærið. Hringdu núna í síma 568 0510 og kynntu þér málið. Þú hefur engu að tapa nema sentimetrum.

Fyrir konur 18 ára og eldri.

Vegmúli 2 108 Reykjavík sími 568 0510 www.bailine.is

Futurebiotics

GINKGO BILOBA

Bætir minnið og örvar blóðstreymið

HÁGÆÐA AMERÍSK FÆÐUBÓTAREFNI

Fæst í apótekum, heilsuþúðum og matvöruverslunum

DOCTOR'S A-Z

Fyrir liðamót!

Ótrúlegt kynningartilboð á Glucosamine & Chondroitin frá Dr. A-Z.

Eitt glas með 90 hylkjum á aðeins kr. 1.195.

Frábær vítamín með GMP gæði á einstöku verði.

* 3 hylki = 1500mg glucosamine/750mg chondroitin. Útsölustaðir Dr. A-Z vítamína: Heilsuþúðin Njálsgötu 1 og Maður lifandi Borgartúni 24.

LYFJA

Opið 8-24 alla daga í Lágmúla og Smáratorgi

Heilsuvörur og matstofa

Opið virka daga kl. 10-20 laugardaga kl. 10-17

maður lifandi Borgartúni 24

HREYFI LAND

ERTU ÓLÉTT? ERTU NÝBÚIN AÐ EIGNAST BARN?

Ungbarna- og fjölskylduvæna líkamsræktarstöðin HREYFILAND býður upp á 8 vikna líkamsræktarnámskeið fyrir óléttar konur og nýbakaðar mæður. Við höfum allt sem til þarf til að tryggja vellíðan og öruggt þitt og barnsins þíns við æfingar. Skoðuðu heimasíðu okkar og fáðu frekari upplýsingar – www.hreyfiland.is

Skráning: www.hreyfiland.is | mottaka@hreyfiland.is
sími: 577 2555 og 899 7255
110 Reykjavík | Stangarhylur 7

Námskeiðin hefjast 10. október

GRÆNMETIS NÁMSKEIÐ SOLLU

Á námskeiðinu kennum við:

- skynsamlega leið til að breyta mataræði hægt og rólega
- að útbúa fljótlega, gómsæta & næringarríka rétti með heilsusamlegum eldunaraðferðum
- hræfnisval
- hvernig meðhöndla á grænmeti, ávexti, tófú, baunir, korn & annað heilsuhræfni
- heilsusamlega eftirrétti
- að útbúa innkaupalista
- að kaupa inn

Kennari er Sólveig Eiríksdóttir

Námskeiðið er eitt kvöld frá kl 18.30 - 23.00.
Námskeiðsdagar í boði: 13. okt. / 17. okt. / 26. okt. / 1. nov
Verð 5.900 kr. Skráning í síma 821 4608 eða á solla@himneskt.is

HIMNESK HOLLUSTA

Eflum einbeitingu og þrek!

Fjörefni

1 MÁNAÐAR ORKUPAKKI

21 vítamín og steinefni

EXTRA STREKT GINSENG & GINKGO

60 TÖFLUR

Fjörefni er nýtt kjarnmikið bætiefni sem inniheldur auk vítamína og steinefna, öflugan skammt af ginkgo og ginseng.

náttúrulega **heilsuhúsið**
Skólavörðustígur, Kringlunni & Smáratorgi

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

**SMÁUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA
KL. 8-22**

**TIL BIRTINGAR NÆSTA
DAG ÞARF AÐ PANTA
FYRIR KL. 14.30**

**SMÁUGLÝSINGASÍMINN
ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is**

**AFGREIÐSLAN ER OPIN:
MÁNUDAG TIL MIÐVIKUDAGS 8-18
FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG 8-19
LAUGARDAG 9-17 SUNNUDAG 11-16**



Taktubíll



Opel Zafira, 7 manna, skrd. 12/2002, ek. 60.000 km, 1800cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.750.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.



Citroen C3, skrd. 03/2004, ek. 23.000 km, 1400cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.270.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.



Lexus LS-430, skrd. 08/2003, ek. 19.000 km, 4300cc, sjálfskiptur. Ásett verð 5.990.000 kr. Tilboð 4.990.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.



Renault Laguna, skrd. 04/2001, ek. 80.000 km, 1600cc, beinskíptur. Ásett verð 1.090.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.



Ford Sierra skrd. 5/89 ek. 143.000 km, 1600cc, beinskíptur. Ásett verð 190.000,- kr. S. 515 7000.



Ford Mondeo Ghia, skrd. 09/2004, ek. 36.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.190.000,- kr. 100% lán mögulegt S. 515 7000.



Honda Civic skrd. 12/97, ek. 153.000 km, 1400 cc, beinskíptur. Ásett verð 540.000 kr. 100% lán mögulegt S. 515 7000.



Volvo 850 Station, skrd. 04/1995, ek. 158.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 690.000 kr 100% lán mögulegt S. 515 7000.



Taktubíll



Mercedes Benz ML-350, skrd. 03/2003, ek. 28.000 km, 3724cc, sjálfskiptur. Ásett verð 4.890.000 kr Tilboð 4.390.000 kr. S. 515 7000.



Toyota Hilux D/C SR5, skrd. 10/2004, ek. 39.000 km, 2500cc, diesel, 31" breyttur, beinskíptur. Ásett verð 2.590.000 kr. 100% lán mögulegt S. 515 7000



Daihatsu Applause, skrd. 11/1998, ek. 114.000 km, 1600cc, sjálfskíptur. Ásett verð 540.000 kr Tilboð 399.000 kr 100% lán mögulegt S. 515 7000.



Nissan Pathfinder, skrd. 02/1996, ek. 135.000 km, 3000cc, sjálfskíptur. Ásett verð 740.000 kr Tilboð 620.000 kr 100% lán mögulegt S. 515 7000.



Toyota Land Cruiser 100 VX, skrd. 10/2000, ek. 81.000 km, 4200cc, diesel, sjálfskíptur. Ásett verð 4.790.000 kr. 100% lán mögulegt S. 515-7000.



MMC Pajero GLS, skrd. 06/2003, ek. 44.000 km. 3500cc, sjálfskíptur. Ásett verð 4.200.000 kr. 100% lán mögulegt S. 515 7000.



Ford F-350 Lariat DRW, skrd. 06/2004 ek. 21.000 km. 6000cc, sjálfskíptur. Ásett verð 3.850.000 kr. 100% lán mögulegt S. 515 7000.



Daihatsu Applause, skrd. 07/2000, ek. 107.000 km, 1600cc, sjálfskíptur. Ásett verð 690.000 kr. 100% lán mögulegt S. 515 7000



Taktubíll



Ford Focus Trend station, skrd. 10/2002, ek. 50.000 km. 1600cc, beinskíptur. Ásett verð 1.340.000 kr. 100% lán mögulegt S.515 7000.



Citroen C2 VTR, skrd. 06/2004, ek. 13.000 km, 1600 cc, sjálf-/beinskíptur. Ásett verð 1.420.000 kr. 100 % lán mögulegt Kr. S. 515 7000.



Vw Polo skrd. 11/97 ek. 118.000 km, 1400 cc, beinskíptur. Ásett verð 420.000,- Kr 100% lán möguleiki S. 515 7000



Daihatsu Charade CX, skrd. 05/1998, ek. 105.000 km, 1300cc, beinskíptur. Ásett verð 480.000 kr 100% lán mögulegt S. 515 7000.



Nissan Patrol GR, skrd. 04/2003, ek. 66.000 km, 3000cc, diesel, sjálfskíptur. Ásett verð 3.730.000 kr. 100% lán mögulegt S. 515 7000.



Suzuki Grand Vitara, skrd. 06/2001, ek. 91.000 km, 2000cc, beinskíptur. Ásett verð 1.370.000 kr. 100% lán mögulegt S. 515 7000.



Subaru Impreza station, skrd. 02/1998, ek. 153.000 km, 2000cc, beinskíptur. Ásett verð 620.000 kr. 100% lán mögulegt S. 515 7000.



Vw Golf, skrd. 04/1996, ek. 144.000 km, 1400cc, beinskíptur. Ásett verð 390.000 kr 100% lán mögulegt S. 515 7000.



Taktubíll



Ford Ranger CrewCab XL, skrd. 08/2003, ek. 42.000 km, 2500cc, diesel, 31" breyting, beinskíptur. Ásett verð 2.240.000 kr. 100% lán mögulegt S. 515 7000.



Renault Megane II, skrd. 06/2003, ek. 28.000 km, 1600cc, beinskíptur. Ásett verð 1.360.000 Kr. 100% lán mögulegt S. 515 7000.



Vw Bora, skrd. 01/2002, ek. 45.000 km, 1600cc, beinskíptur. Ásett verð 1.190.000 kr 100% lán mögulegt S. 515 7000.



Daewoo Lanos, skrd. 11/1999, ek. 126.000 km, 1600cc, beinskíptur. Ásett verð 470.000 kr 100% lán mögulegt S. 515 7000.



Ford Focus station, skrd. 11/2001, ek. 93.000 km, 1600cc, beinskíptur. Ásett verð 1.040.000 kr. Tilboð 890.000 kr 100% lán mögulegt S. 515 7000.



Daewoo Nubira Station, skrd. 08/1999, ek. 83.000 km, 1600cc, beinskíptur. Ásett verð 620.000 kr Tilboð 399.000 kr. 100% lán mögulegt S. 515 7000.



Vw Golf Sport-line, skrd. 03/2004, ek. 17.000 km, 2000cc, beinskíptur. Ásett verð 2.380.000 kr 100% lán mögulegt S. 515 7000.



Citroen C5, skrd. 02/2004, ek. 22.000 km, 2000cc, sjálfskíptur. Ásett verð 2.030.000 kr. 100% lán mögulegt S. 515 7000.



Taktubíll



Volvo S40 T5-Turbo, skrd. 03/2004, ek. 33.000 km, 2500cc, sjálfskíptur. Ásett verð 3.590.000 kr Tilboð 3.380.000 kr. 100% lán mögulegt S. 515 7000.



Volvo V70 LPT-Turbo, skrd. 06/2004, ek. 21.000 km, 2000cc, sjálfskíptur. Ásett verð 3.850.000 kr. Tilboð 3.490.000 kr 100% lán mögulegt S. 515 7000.



Kia Grand Sportage, skrd. 06/1999, ek. 97.000 km, 2000cc, beinskíptur, 4x4. Ásett verð 890.000 kr Tilboð 499.000 kr. 100% lán mögulegt S. 515 7000.



Volvo S40, skrd. 02/2003, 2000cc, ek. 22.000 km, sjálfskíptur. Ásett verð 1.990.000 kr Tilboð 1.690.000 kr 100% lán mögulegt S. 515 7000.



Opel Vectra, skrd. 12/1999, ek. 113.000 km, 1600cc, sjálfskíptur. Ásett verð 920.000 kr. 100% lán mögulegt S. 515 7000.



Nissan Almera, skrd. 06/1998, ek. 134.000 km, 1600cc, sjálfskíptur. Ásett verð 520.000 kr. 100% lán mögulegt S. 515 7000.



Citroen C4, skrd. 03/2005, ek. 5.000 km, 1600cc, sjálfskíptur. Ásett verð 1.790.000 kr. 100% lán mögulegt S. 515 7000.



Citroen Berlingo diesel, skrd.06/2005, e:2.000 km, 2000cc, beinskíptur. Ásett verð 1.440.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000



Ford Mondeo Ghia diesel station, skrd. 05/2005, ek. 12.000 km, 2000cc, sjálfskíptur. Ásett verð 2.950.000. 100% lán mögulegt S. 515 7000.



Taktubíll



Renault Megane Scenic skrd. 8/99, ek. 105.000 km, 1600 cc beinskíptur. Ásett verð 790.000,- Kr 100 % lán mögulegt S. 515 7000.



Ford Explorer Eddie Bauer, skrd. 01/1992, ek. 252.000 km, 4000cc, sjálfskíptur. Ásett verð 450.000 kr 100% lán mögulegt S. 515 7000.



Volvo S40 SE, skrd. 12/2003, ek. 34.000 km, 2000cc, sjálfskíptur. Ásett verð 2.360.000 kr 100% lán mögulegt. S. 515 7000.



Ford Mondeo Ghia V6, skrd. 10/2003, ek. 23.000 km, 2500cc, beinskíptur 6-gíra. Ásett verð 2.390.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.



Nissan Terrano II, 12/1999, ek. 102.000 km, 2400cc, beinskíptur. Ásett verð 1.490.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000



Toyota Avensis Executive, skrd. 11/2003, ek. 70.000 km, 2000cc, sjálfskíptur. Ásett verð 2.320.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000



Ford Focus Trend station, skrd. 05/2003, ek. 61.000 km, 1600cc, beinskíptur. Ásett verð 1.320.000 kr. 100% lán mögulegt S. 515 7000

**Brimborg
Bíldshöfða 6, 110 Rvk.
Sími: 515 7000
www.brimborg.is**



Honda CRV Advance 07/03, Ek. 36 þ. sjálfskiptur, svartur. Mjög fallegur og vel útbúinn. Verð 2.450 þ. Möguleiki á 100% láni.



Opel Zafira GL 1,8 06/01, ek. 65 þ. sjálfsk. grár, fráber 7 manna fjölskildubíll. Verð 1.390 þ. áhvalandi 710 þ. afb.14 þ.



Sport 05/05. Ek. 7 þ. 5 girá, grár, toppluga, álfelgur, CD, virkilega fallegur og vel útbúinn. Verð 2.250 þ. áhvalandi. 1.475 þ. afb. 30 þ.



Toyota Corolla Touring Terra 07/98. Ek. 49 þ. sjálfsk., grænn, lítill ekinn station bíll. Einn eigandi frá upphafi. Verð 690 þ.

Bílahöllin
Bíldhöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is



Toyota Corolla 1.6 VVTi Árgerð 2003. Ekinn 38 þ. km. Nýskráður 1/2003. Næsta skoðun 2006 Áhv. 1.000 þús. afb. kr. 24 þús. Engin skipti. Mjög vel með farinn. Verð kr. 1550.000. S. 567 2400.



Toyota Land Cruiser 100 VX Árgerð 2002. Ekinn 80 þ. km. Nýskráður 7/2005. Diesel 4200cc., sjálfskiptur, leður, Tems fjöðrun, Webasto aukamiðstöð Glæsilegt eintak Verð kr. 5.200 þús. S. 567 2400



Toyota Land Cruiser 90 VX NEW 33" Árgerð 2005. Ekinn 2 þ. km. Nýskráður 7/2005. Diesel knúinn. 7 manna. Sjálfskiptur, filmur, leður, Tems, Einn með öllu Verð kr. 5.950.000. S. 567 2400.

Bílahornid
Funahöfða 5, 110 Reykjavík
Sími: 567 2400
www.bilahornid.is



Honda VF 750c Magna (116729) skrd. 2002, 5 girá, króm á handföngum, nýtt bretti, nýir speglar, nýir mælur framan á luga, eina hjóli á landinu af þessari útfærslu. Verð 850 þús. Nánari upplýsingar veitir Toyota Selfossi í síma 480 8000.

Bílasala Selfoss
Hrísmýri 3, 800 Selfoss
Sími: 482 1416



Hyundai Trajet 7/2002, ek. 63 þ. km. 7 sæta, 5 girá, dráttarkrókur o.fl. Verð 1.550.000.- upplýsingar á www.bilasalan.is og 866 5354 og 533 2100.



BMW 540 ISteptronic 6/1999, ek. 122 þ. km, leður, luga, ssk, o.fl. Lán 2.100.000.- Verð 2.990.000.- Tilboðs-verð 2.490.000.- upplýsingar á www.bilasalan.is og 866 5354 og 533 2100.



Kauphöll Íslands hefur áminnt Heklu hf. fyrir brot á reglum Kauphallarinnar. Hekla birti 31. ágúst síðastliðinn frétt á vef Kauphallarinnar um árshlutauppgjör fyrri helmings ársins. Samkvæmt tilkynningu frá Kauphöll Íslands vantaði skýringar með árshlutareikningnum en í áritun endurskoðanda kom fram að árshlutareikningurinn hefði meðal annars að geyma skýringar.



Kauphöllin óskaði eftir því að skýringarnar yrðu birtar og eftir ítrekanir hafi árshlutareikningur svo verið birtur með skýringum 13. september. Hekla lýtur sem útgefandi skuldabréfa í Kauphöllinni reglum þar að lútandi. Meðal þeirra reglna er að Hekla skal

HÖFUSTÖÐVAR HEKLU Félagið hefur nú verið áminnt í Kauphöllinni fyrir að fara ekki að tímareglum um milliuppgjör félagsins.

birta árshlutauppgjör eigi síðar en tveimur mánuðum frá því að uppgjörstímabilinu lýkur. Þar sem skýringar félagsins birtust ekki með árshlutareikningi

félagsins lítur Kauphöllin svo á að árshlutauppgjör hafi birst of seint og var félagið þess vegna áminnt.

- hb

Stækkar í Tékklendi

Creditinfo Group hefur fest kaup á ráðandi hlut í SinTe sem er leiðandi fyrirtæki í Tékklendi í tæknilausnum fyrir banka og lánastofnanir. Creditinfo hefur verið við störf í Tékklendi frá árinu 2004 þegar stofnað var útibú í Tékklendi og Slóvakíu.

Í dag starfa ríflega 250 starfsmenn hjá Creditinfo Group hf. um heim allan að meðtöldum starfsmönnum dótturfyrirtækjanna Lánstrausts og Fjölmíðlavaktarinnar. Áætluð velta fyrirtækisins eru ellefu milljónir evra árið 2005.

- hhs

Afkomuviðvörðun Nýherja

Nýherji sendi í gær frá sér afkomuviðvörðun, þar sem ljóst er að afkoman á nýliðnum ársfjórðungi mun ekki verða í samræmi við áætlanir.

Í tilkynningu frá Nýherja kemur fram að vegna ágreinings við viðskiptavin um túlkun samningsákvæða í umfangsmiklum samningi um þjónustu og ráðgjafavinnu, sé gert ráð fyrir því að rekstur Nýherja verði í jánnum í þriðja ársfjórðungi. Áætlað er að bókuð verði til gjalda varúðarfærsla sem nemur tugum milljóna.

- hh



ÞÓRÐUR SVEINSSON
Forstjóri Nýherja.



FJÁRMÁLARÁÐHERRA Árni Mathiesen kynnti sitt fyrsta fjárlagafrumvarp í gær.

Hagvöxtur minnkar

Í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins sem birt var í gær kemur fram að hagvöxtur verði áfram mikill á þessu ári eða 6 prósent. Það hægi hins vegar á hagvexti árið 2006 vegna þess að það dregur úr vexti einkaneyslunnar, sem hefur náð hámarki á þessu ári. Hagvöxtur verði 4,6 prósent það ár en minnki svo niður í 2,5 prósent árið 2007.

Í spánni er gert ráð fyrir að gengi krónunnar lækki árið 2006 og verðbólgan verði 3,8 prósent en 4 prósent árið 2007. Það er við efri mörk verðbólgu markmiðs Seðlabankans. Þrátt fyrir það áætla fjármálaráðherra að reka ríkissjóð með halla til að mæta minni umsvifum í hagkerfinu með auknum verkefnum.



Ræðst gegn verkjum!

Paratabs® – Öflugur verkjabani!



Notkunarsvið: Paratabs inniheldur parasetamol sem er verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Það er notað við höfuðverk, tannpínu, tíðaverkjum o.fl. Einnig við sóttþita af völdum influensu og annarra umgangspesta eins og kvefs. Lyfið inniheldur ekki ávanabindandi efni og hefur ekki sljógvandi áhrif. **Varúðarreglur:** Fólki sem hefur ofnæmi fyrir parasetamóli eða er með lifrarsjúkdóma má ekki nota lyfið. Nýrna- og lifrarsjúklingum er bent á að ráðfæra sig við lækni áður en þeir taka lyfið. Of stór skammtur getur valdið lifrabólgu. **Aukaverkanir:** Parasetamol veldur sjaldan aukaverkunum og þolist yfirleitt vel í maga. Langvarandi notkun lyfsins getur valdið nýrskemmdum. **Skömmtun:** Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtun fylgja lyfinu. Ekki má taka stærri skammta en mælt er með. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 13.07.05



„Forðið okkur frá þessu stríði.“

Susan Sarandon er hópi virtustu leikkvenna Bandaríkjanna. Hún hefur leikið í mörgum vinsælum og vel metnum myndum og má þar nefna *Dead Man walking*, *The Client*, *Lorenzo's Oil* og *Thelma og Louise*. Ofangreind orð lét hún falla á útfundi þar sem Íraksstríðinu var mótmælt.



SUSAN SARANDON (1946-) fæddist þennan dag

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST 4. OKTÓBER 1984

Verkfall BSRB hefst

Viðfrægt verkfall félaga í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) hófst 4. október 1984. Þúsundir ríkis- og bæjarstarfsmanna lögðu niður vinnu og náðu áhrif verkfallsins til flestra þátta samfélagsins. Öll hefðbundin þjónusta hins opinbera lagðist af og aðeins brýnustu störf voru unnin - þau sem beinlínis réðu lífi og dauða borgaranna. Meðal þess sem gerðist var að skólahald lagðist af, strætisvagnar hættu að ganga, útsendingar Ríkisútvarpsins stöðvuðust og vörur voru ekki afgreiddar úr tolli.

Segja má að tvennt lífi hvað ríkast í minningu margra um verkfallið. Annars vegar var það útvarps- og sjónvarpsleysið en þá var Ríkisútvarpið eini ljósvakamiðillinn í landinu. Reyndar hófu tvær útvarpsstöðvar fréttaflutning á höfuðborgarsvæðinu í bága við lög en báðar voru stöðvaðar með lögregluáðgerðum. Hins vegar muna margir (og þá sérstaklega reykingafólk) tóbakkskortinn sem fljótlega gerði vart við sig. Eru til sögur af mönnum sem héldu í langferðir ef fréttist af sigarettupakka í sjoppu úti á landi.



Samningar tókust 30. október, þegar verkfallið hafði staðið í tæpan mánuð. Megininntak samningsins var tíu prósent launahækkun auk ýmissa áðgerða sem bæta áttu kjörin. Fljótlega eftir að samningurinn tók gildi felldi ríkisstjórnin gengið og urðu kjarabæturnar því að litlu sem engu.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Kristinn Sigurjónsson
Norðurbrún 1, Reykjavík,

Lést 29. september á Landspítalanum við Hringbraut. Verður jarðsöngurinn föstudaginn 7. október kl. 13.00 í Fossvogskirkju.

Sigurjón B. Kristinsson Olga Ásrún Stefánsdóttir
Kristján V. Kristinsson Ingibjörg Elín Ingimundardóttir
Guðrún Rósh. Kristinsdóttir Páll Þórir Viktorsson
Ásdís Börg Kristinsdóttir Hálfán Gunnarsson
barnabörn.



Ástkær unnusti minn, faðir okkar,
tengdafaðir, bróðir og afi,
Kjartan Ólafsson
Laugarnesvegi 116, Reykjavík,

Lést að heimili sínu aðfaranótt laugardagsins 24. september. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju þriðjudaginn 4. október kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Peim sem vilja minnast hans er bent á Hjúkrunarþjónustuna Karitas, s. 551 5606.

Sigríður A. Stefánsdóttir Ólafur Kjartansson
Ólafur Dögg Evudóttir Birta Kjartansdóttir
Máni Kjartansson systkini og barnabörn.



Ástkær faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir,
afi og langafi,
Áskell Einarsson

fyrirv. framkvæmdastjóri
Fjórðungssambands Norðlendinga,

sem lést sunnudaginn 25. september sl. verður jarðsöngurinn frá Húsavíkirkirkju laugardaginn 8. október nk. kl. 14.00.

Guðrún Áskelsdóttir Örn Gíslason
Steinn Áskelsdóttir Birgir Steingrímsson
Ása B. Áskelsdóttir Stefán Ómar Oddsson
Ólafía Áskelsdóttir Haraldur Jóhannsson
Einar Áskelsson María Sif Sævarsdóttir
Valdimar Steinar Guðjónsson Eygerður Bj. Þorvaldsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



SVAVA JAKOBSDÓTTIR Hún hafði áhrif á viðhorf og umræður í íslensku samfélagi bæði sem skáld og sem alþingismaður.

TÍMAMÓT: SVAVA JAKOBSDÓTTIR HEFÐI ORÐIÐ 75 ÁRA

Sögur sem örva nám

Svava Jakobsdóttir, rithöfundur og alþingismaður, hefði orðið 75 ára í dag. Af því tilefni verður haldið Svövuþing í Kennaraháskóla Íslands þar sem fléttað verður saman skemmtun, fræðslu, áhugaverðum hugmyndum og kennslufræði. Jafnframt kemur út bók á vegum JPV þar sem ný fræðimenn fjalla um Svövu og verk hennar, hver frá sínum sjónarhóli.

Svava lést 21. febrúar árið 2004. Eftir hana liggja smásögur, skáldsögur og leikrit auk þess sem hún skrifaði fjölda ritgerða og blaðagreina. Hún hafði afgerandi áhrif á jafnréttisbaráttu á liðinni öld

og mótaði viðhorf og umræður í íslensku samfélagi síns tíma bæði sem skáld og sem alþingismaður.

Sonur hennar, Jakob S. Jónsson, hefur búið úti í Svövuþingi í nærri aldarfjórðungum handritshöfundur og leikstjóri en er nú staddur hér á landi. Hann hefur skipulagt málþingið sem haldið verður í dag í Skriðu, sal Kennaraháskóla Íslands, með þátttöku fræðimanna, kennara, leikara, tónlistarfólks og myndlistarmanna.

„Sérstakur tilgangur með þessu þingi er að vekja athygli á skáldskap hennar í alveg nýju ljósi,“ segir Jakob.

„Hugmyndin er að sýna fram á gildi verka hennar í kennslufræðilegu samhengi og það verða gefin dæmi um þetta á ráðstefnunni.“

Sögur Svövu hafa mikið verið notaðar í bókmenntakennslu í gegnum árin, en Jakob segir þær nýfast óvenjuvel í nánast hvaða fagi sem er til þess að örva skapandi nám.

„Eitt meginerindi ráðstefunnar flytur Ragnar Ingi Aðalsteinsson sem skoðar hvað það er í námsferlinu sem veldur því að einmitt sögur Svövu eru svo heppilegar til að vekja með fólki námslöngun.“



Sambýlismaður minn,

Kristján Mikkaelsson
Flekkudal, Kjós,

varð bráðkvaddur laugardaginn 1. október.

Fyrir hönd ættingja og vina,

Guðný G. Ívarsdóttir.



Ástkær maðurinn minn, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,
Jóhann Bragi Hermannsson

Vikurbakka 2, Reykjavík,

verður jarðsöngurinn frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 5. október kl. 15.00.

Guðrún Ingadóttir Steinar B. Valsson
Kristín Jóhannsdóttir Pálmar Viggósson
Ragna Jóhannsdóttir
Björk Bragadóttir
Birkir, Birta, Elísabet og Lilja Líf.



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is. Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

MERKISATBURÐIR

- 1908 Þórhallur Bjarnason vígður biskup yfir Íslandi. Hann gegnir embættinu til ævi-loka 1916.
- 1925 Lesbók Morgunblaðsins kemur út í fyrsta sinn. Morgunblaðið hafði þá verið gefið út í tólf ár.
- 1931 Myndasagan um lögreglu-manninn Dick Tracy hefur göngu sína.
- 1940 Adolf Hitler og Benito Mussolini funda í Ólpunum þar sem Hitler fer fram á stuðning Ítala í baráttunni við Breta.
- 1957 Sovétmenn koma Sputnik 1 á sporbaug jarðar.
- 1990 Þýska þingið kemur saman í fyrsta sinn eftir sameiningu Austur- og Vestur-Þýskalands.
- 1994 Nelson Mandela, forseti Suður-Afríku, heimsækir Bill Clinton í Hvíta húsið.

Baráttu-fundur SÁÁ

Fjöldi listamanna kemur fram á baráttufundi SÁÁ sem haldinn verður í Háskólabíói í kvöld. Þar verður athygli vakin á stöðunni sem uppi er í samfélaginu en loka þurfti bráðamóttöku Vogs í byrjun árs vegna peningaleysis.

Stjórnarmálmennt verða minntir á nauðsyn þess að veita hærri fjárhæðum til starfsemi SÁÁ svo sjúkir geti leitað sér lækninga.

JARÐARFARIR

13.00 Franz E. Pálsson, Granaskjólí 1, Reykjavík, verður jarðsöngurinn frá Dómkirkjunni.

13.00 Gyða Steinsdóttir, frá Flatey, Breiðafirði, Hrintbraut 50, áður Sólvalldagötu 7, verður jarðsöngurinn frá Fossvogskirkju.

13.00 Jóna Vilborg Pétursdóttir, Fannborg í Kópavogi, áður til heimilis á Siglufirði, verður jarðsöngurinn frá Grafarvogskirkju.

ANDLÁT

Vilhjálmur Jónsson, hæstaréttarlögmaður og fyrrverandi forstjóri Ollufélagsins, lést á Droplaugarstöðum föstudaginn 30. september.

Kamilla Briem, frá Melstað, Grettisgötu 74, lést á elliheimilinu Grund 1. október.

AFMÆLI

Heiðar Ástvaldsson danskennari er 69 ára.

Jóhanna Sigurðardóttir alþingismaður er 63 ára.

Halldór Björn Runólfsson listfræðingur er 55 ára.

Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, er 54 ára.

Atli Rúnar Halldórsson, almanna-tengill og fyrrverandi fréttamaður, er 52 ára.

Ólóf Rún Skúladóttir fréttamaður er 44 ára.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðgjafi er fertug.

Róbert Wessman, forstjóri Actavis, er 36 ára.

★ SÓLSTEINAR

- ★ Gæði
- ★ Góð þjónusta
- ★ Gott verð
- ★ Mikið úrval

Kársnesbraut 98 • S: 564 4566
www.solsteinar.is
200 Kópavogur • sol@solsteinar.is





LANDSLEIKJA MÁNUÐUR

PÓLLAND - ÍSLAND
SVÍPJÓÐ - ÍSLAND
ENGLAND - PÓLLAND
ENGLAND - AUSTURRÍKI

515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

SYN
besta sætið

STÓRVIÐBURÐIR Í OKTÓBER

HM 2006

Svíþjóð - Ísland
England - Pólland
Danmörk - Grikkland
Sviss - Frakkland
England - Austurríki
Írland - Sviss

MEISTARADEILD EVRÓPU

Bayern München - Juventus
Man. Utd. - Lille
Chelsea - Real Betis
Anderlecht - Liverpool

A1 GRAND PRIX

Heimsbikarinn í kappakstri

SPÆNSKI BOLTINN

Atl. Madrid - Real Madrid
Real Betis - Real Madrid
Real Madrid - Valencia

ÍTALSKI BOLTINN

Roma - Lazio
AC Milan - Juventus

MEISTARADEILDIN Í HANDBOLTA

Rk Gorenje Velenje - Haukar
Haukar - Torggler Group Meran
Haukar - Rk Gorenje Velenje

BOX

Diego Corrales - Jose Luis Castillo

GOLF

World Golf Championship



Marel klárar sín mál

Marel Baldvinsson hefur gengið frá starfslokasamningnum við belgíska liðið Lokeren og stendur því ekkert því til fyrirstöðu að hann komi heim um áramótin og geti þá byrjað að æfa með íslensku félagssliði. Sem stendur er líklegast að hans gamla lið, Breiðablik, verði fyrir valinu.

sport
sport@frettabladid.is

JÓNA GUÐLAUG VIGFÚSDÓTTIR: SKRIFAÐI UNDIR SJÓ ÁRA SAMNING HJÁ RACING CLUB DE CANNES

Spilar með einu sterkasta blakliði Evrópu

Það má með sanni segja að Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir, sextán ára gömul stúlka frá Neskaupstað, hafi dottið í lukkupottinn þegar henni var boðið að skrifa undir samning hjá franska blakliðinu Racing Club de Cannes, en það er eitt sterkasta blakliði Evrópu. Jóna Guðlaug ákvað að slá til og skrifaði undir sjó ára langan samning.

Jóna hefur leikið með yngri flokkum Þróttar í Neskaupstað alla sína tíð og hefur verið talin efnilegasta blakkona landsins undanfarin ár.

Jóna er nú farin að æfa í

Cannes. „Við erum byrjaðar að æfa af fullum krafti. Annars er ég að læra frönskuna núna og ætla mér svo að fara í framhaldsskóla hérna þegar ég hef náð góðum tókum á tungumálinu. Mér list vel á mig og vonandi gengur þetta vel. Ég verð hérna að minnsta kosti þangað til ég fæ heimþrá.“

Petrún Björg Jónsdóttir, sem nú þjálfar hjá Þrótti í Reykjavík, var þjálfari Jónu þegar hún byrjaði að spila blak í Neskaupstað og það kemur henni ekki á óvart að hún sé að ná góðum árangri.

„Það kemur mér alls ekki á óvart. Það sýndi sig fljótt að hún hefur hugarfar til þess að ná langt sem íþróttamaður. Að auki er hún einstaklega kraftmikil og hávaxin sem hjálpar auðvitað til í blakinu. Hún var snemma farin að láta að sér kveða hjá Þrótti og vonandi á þetta eftir að ganga vel hjá henni.“

Petrún segir sjaldgæft að íslenskar stelpur komist að hjá stórum liðum í Evrópu. „Það hafa nokkrar stelpur farið til Bandaríkjanna á skólasyrki en fáar til Evrópu. Það verður því forvitnilegt að fylgjast með því hvernig þetta gengur hjá Jónu.“



Bjarni Ólafur Eiríksson:

Norskt tilboð

FÓTBOLTI Valsmaðurinn Bjarni Ólafur Eiríksson fær tilboð í hendurnar í dag frá norska liðinu Odd Grenland en hann var til reynslu hjá liðinu í síðustu viku.

„Mér leist nokkuð vel á að stæður hjá Odd Grenland. Ef tilboðið er gott á ég von á því að semja við þá en ég ætla reyndar að halda því opnu að fara einnig til reynslu hjá Vålerenga eftir landsleikina sem eru framundan og jafnvel einnig til liðs í Danmörku sem ég veit ekki hvað heitir,“ sagði Bjarni Ólafur í samtali við Fréttablaðið. Bjarni Ólafur er samningsbundinn Val til ársloka 2006 og því þarf Odd Grenland að semja við Val um kaupverð. - ÞG

Gunnar Heiðar meiddur

Gunna Heiðar Þorvaldsson skoraði fallegasta mark sitt á ferlinum í 6-1 tapleik gegn Djurgården í gærkvöld en var svo borinn af velli illa meiddur á ökkla.

FÓTBOLTI Markahrókurinn Gunnar Heiðar Þorvaldsson skoraði 14. mark sitt á leiktíðinu í sænsku úrvalsdeildinni fyrir Halmstad sem steinlá fyrir Djurgården 6-1 í gærkvöld. Hann meiddist hins vegar illa á ökkla þegar hálf tími var eftir af leiknum, þurfti að fara af velli og segist líklega vera úti úr landsliðsmyndinni gegn Póllandi og Svíþjóð. Kári Arnason lék ekki með Djurgården þar sem hann var í leikbanni og Sölvi Geir Ottesen sat allan tímann á varamannabekknun. Með sigrinum náði Djurgården þriggja stiga forystu á IFK Gautaborg á ný í toppslagnum.

Gunnar Heiðar jafnaði metin fyrir Halmstad á 30. mínútu með stórglæsilegu marki. „Þetta er án nokkurs vafa fallegasta mark sem ég hef skorað, líklega svipað því og Eiður Smári skoraði fyrir Bolton á sínum tíma þegar hann sólaði alla vörnina upp úr skónum. Þetta var hreint ótrúlegt en ég klobbaði einn varnarmann og plataði svo tvo upp úr skónum.“

Á 60. mín þurfti Gunnar Heiðar að fara af velli vegna meiðsla eftir að varnarmaðurinn Toni Kivistar sparkaði hann niður. „Hann er 100 kílóa maður og gjörsamlega þrumaði mig niður. Ég átti að fá víti en ekkert var dæmt. Hann



SKORAÐI OG MEIDDIST Gunnar Heiðar Þorvaldsson skoraði glæsilegt mark fyrir Halmstad en meiddist og missir líklega af landsleikjunum gegn Póllandi og Svíþjóð.

sparkaði af mér skóinn og ég hélt að hællinn hefði rifnað af. Ég get ekki stigið í fótinn og ljóst að landsliðsdæmið er í hættu. Ég get afskrifað Póllandsleikinn og Svíaleikurinn er stórt spurningamerki. Ég held að ökklinn sé ekki slitinn en hugsanlega er liðband skaddað. Það kemur í ljós,“ sagði Gunnar Heiðar sár og svekktur. Hann er nú markahæstur í sænsku úrvalsdeildinni ásamt Brasilíumanninum Afonso hjá Malmö með 14 mörk.

Ásgeir Sigurvinsson landsliðs-

þjálfari sagði við Fréttablaðið í gærkvöld að þetta væri mikið áfall en hann vonaðist til að Gunnar Heiðar yrði klár gegn Svíum enda sveitungi sinn frá Eyjum búinn að vera sjóðheitur upp á síðkastið.

Í dag verður dregið í riðlakeppni Evrópukeppni félagsliða þar sem Halmstad verður í pottinum. Gunnar Heiðar átti stóran þátt í að koma liðinu þangað og segist ekki geta hugsa sér að missa af því ævintýri vegna meiðsla.

thorsteinnungun@frettabladid.is



DAÐI LÁRUSSON 32ja ára nýliði í landsliði Íslands.

Fimm leikmenn vantar í U21 árs landsliðið:

Daði og Helgi Valur inn

FÓTBOLTI „Þetta er alveg frábært og ég neita því ekki að þetta er stór stund. Ég er orðinn 32ja ára en það er betra að vera valinn núna en aldrei,“ sagði Daði Lárusson í samtali við Fréttablaðið í gær aðeins fimm mínútum eftir að hann var valinn í íslenska landsliðið í knattspyrnu fyrir vinnatuleikinn gegn Pólverjum á föstudaginn og í leikinn gegn Svíum í undankeppni HM 12. október næstkomandi. Árni Gautur Arason, aðalmarkvörður landsliðsins, bíður eftir því að sambýliskona hans eignist fyrsta barn þeirra á næstu dögum. Þá er Jóhannes Harðarson meiddur og Helgi Valur Daníelsson, leikmaður Fylkis, var valinn í hans stað. Helgi Valur hefur leikið tvo landsleiki fyrir Ísland.

„Árni Gautur verður alveg örugglega ekki með gegn Pólverjum á föstudaginn. Það er langt

ferðalag til Póllands og hvort sem sambýliskona hans verður búin að fæða eða ekki kemst Árni Gautur ekki frá. Það er styttra fyrir Árna Gaut að fara til Svíþjóðar frá Norgegi í næstu viku en frekar ólíklegt að hann verði með en við ætlum reyndar að halda því opnu fram á síðustu stundu,“ sagði Ásgeir Sigurvinsson landsliðsþjálfari í samtali við Fréttablaðið.

Kristján Finnogason, markvörður KR, stendur væntanlega á milli stanganna gegn Pólverjum. Kristján á 19 landsleiki að baki og lék fyrst gegn Túnis 17. október 1993. Síðast lék Kristján með landsliðinu gegn Slóveníu 1998 og hann hefur því ekki spilað landsleik í sjö ár og verið varamarkvörður eftir að Birkir Kristinsson lagði hanskana á hilluna í fyrrahaust.

thorsteinnungun@frettabladid.is

> Við furðum okkur á ...

... landsliðsþjálfaranum Eyjólfri Gjöfari Sværissyni sem sá ekki ástæðu til að svara síma í gær þegar kynnt var val hans á U-21 landsliðshópnum sem mættir Svíum í næstu viku. Þetta eru furðuleg vinnubrögð hjá landsliðsþjálfaranum og illskiljanleg.



> Við vorkennum ...

... Gunnari Heiðari Þorvaldssyni sem varð fyrir því óláni að vera tæklaður illa í leik Halmstad og Djurgården í sænsku úrvalsdeildinni í gær. Gunnar Heiðar skoraði stórkostlegt mark í leiknum en þurfti svo að yfirgefa völinn í síðari hálfleik meiddur á ökkla.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

OKTÓBER

1 2 3 4 5 6 7

Príðjudagur

LEIKIR

- 19.15 Breiðablik og Haukar mætast í fjórðungsúrslitum Hópbíla-bikarkeppni kvenna í Smáranum.
- 18.00 ÍR 2 og HK mætast í 32-liða úrslitum bikarkeppni HSÍ.
- 19.15 Gróttá og Afturelding mætast í 32-liða úrslitum bikarsins.
- 19.30 Höttur og Þór mætast í 32-liða úrslitum bikarkeppni HSÍ.
- 20.00 ÍR og Víkingur/Fjölnir mætast í 32-liða úrslitum bikarsins.
- 20.00 Fylkir 2 og Valur mætast í 32-liða úrslitum bikarkeppni HSÍ.

SJÓNVARP

- 07.00 Olíssport á Sýn. Þátturinn er endursýndur þrisvar sinnum til klukkan 09.00 og svo aftur klukkan 18.05.
- 18.35 Spænsku mörkin á Sýn.
- 20.05 Meistaradeild Evrópu á Sýn. Fréttir af leikmönnum og liðum í Meistaradeildinni.
- 20.35 Mótorsport 2005 á Sýn.
- 21.05 A1 kappaksturinn á Sýn. Kynningarþáttur um þessa nýju vinsælu keppni.
- 22.00 Olíssport á Sýn.
- 22.30 A1 kappaksturinn á Sýn.
- 00.00 Ensku mörkin á Sýn.

LEIKIR GÆRDAGSINS

Sænska úrvalsdeildin:

LIÐ	MARK
DJURGÅRDEN-HALMSTAD	6-1
GIF SUNDSVALL-HÄCKEN	3-0
MALMÖ-LANDSKRONA	5-0

STADA EFSTU LIÐA:

LIÐ	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
DJURG.	24	15	4	5	52-25	49				
GAUTAB.	24	13	7	4	32-17	46				
MALMÖ	24	12	5	7	37-24	41				
KALMAR	24	10	9	5	33-20	39				
HELSINGB.	24	12	3	9	32-35	39				
HAMMARBY	24	10	7	7	39-28	37				

Norska úrvalsdeildin:

LIÐ	MARK
BRANN-VIKING	2-1

STADA EFSTU LIÐA:

LIÐ	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
START	23	13	5	5	41-26	44				
VÁLERE.	23	13	5	5	38-23	44				
LYN	23	11	7	5	30-19	40				
LILLESTR.	23	11	4	8	32-28	37				
VIKING	23	11	4	8	34-31	37				
BRANN	23	10	5	8	39-25	35				
ODD GR.	23	9	3	11	22-45	30				

Enska 1. deildin:

LIÐ	MARK
QPR-CRYSTAL PALACE	1-3

Meistaradeild Evrópu:

LIÐ	MARK
MONTPELLIER-BREGENZ	33-24

VILTU EINTAK á 199 kr?

STUÐMENN

SMS LEIKUR
Sænski SMS óskandi
BTL BSF
á númerið
1900 og þú
getur sannað eintakið

Fullt af vinningum:
• Í takt við tímann á DVD
• Með allt á hreinu á DVD
• Tónlistin úr myndinni,
fullt af öðrum DVD myndum
og Coca Cola!

Lendir í BT
30. september!

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 199 kr/skeytið.



BJARNI ÞÓR VÍÐARSSON í U-21 árs landsliðinu þrátt fyrir ungan aldur.

U21 árs landsliðið valið:

Þrjú nýliðar í hópnum

FÓTBOLTI Eyjólfur Svverrisson landsliðsþjálfari, valdi fjóra nýliða í U21 árs landsliðið sem mætir Svíum í undankeppni HM 11. október sem fram fer í Eskilstuna en þrjú þeirra eru í hópnum í fyrsta sinn. Hrafn Davíðsson, markvörður ÍBV, var valinn í stað Magnúsar Pormars hjá Keflavík. Þá valdi Eyjólfur þrjú leikmenn sem leika þessa dagana með U19 ára landsliðinu í undankeppni EM í Bosnía þessa vikuna, þá Theodor Elmar Bjarnason, Bjarni Þór Víðarsson og Rúrik Gíslason en þeir eru allir nýliðar.

LANDSLIÐSHÓPUR ÍSLANDS	
Markverðir:	
Ingvar Þór Kale	Víkingur
Hrafn Davíðsson	ÍBV
Aðrir leikmenn:	
Hannes Þ. Sigurðsson	Stoke City
Sigmundur Kristjánsson	KR
Davíð Þór Víðarsson	FH
Emil Hallfreðsson	Tottenham
Hörður Sveinsson	Keflavík
Steinþór Gíslason	Valur
Gunnar Þór Gunnarsson	Fram
Tryggvi Sveinn Bjarnason	KR
Jónas Guðni Sævarsson	Keflavík
Pálmi Rafn Pálmason	KA
Ragnar Sigurðsson	Fylkir
Garðar Gunnlaugsson	Valur
Helgi Pétur Magnússon	ÍA
Bjarni Þór Víðarsson	Everton
Rúrik Gíslason	Charlton
Theodor Elmar Bjarnason	Celtic

Synd að Ívar sé ekki í landsliðinu

Brynjar Björn Gunnarsson, hetja Reading í uppgjöri efstu liðanna í ensku 1. deildinni, segir að samherji sinn Ívar Ingimarsson eigi heima í landsliðinu.

FÓTBOLTI „Það er algjör synd að Ívar Ingimarsson gefi ekki kost á sér í landsliðið. Það vantar ansi mikið í vörminum hjá okkur gegn Pólverjum og Svíum. Hermann [Hreiðarsson] er til dæmis ekki með en þótt allir væru klárir í leikinn ætti Ívar heima í byrjunarliði Íslands. Hann hefur spilað mjög vel fyrir Reading og ekki bara í haust heldur einnig í fyrravetur,“ sagði Brynjar Björn Gunnarsson í samtali við Fréttablaðið en Brynjar Björn er samherji Ívars hjá Reading, sem er í 2. sæti ensku 1. deildarinnar og lagði topplið Sheffield United um helgina 2-1.

Brynjar Björn var á skotskónum, skoraði bæði mörk Reading og var valinn maður leiksins í flestum enskum fjölmiðlum.

Ívar hefur fengið afbragðsdóma fyrir frammiðstúna á leiktidinni með Reading. Hann hefur spilað frábærlega vel sem mið-



ÍVAR Í BARÁTTUNNI Ívar Ingimarsson er hér í leik með Reading gegn Southampton.

vörður en Reading hefur aðeins fengið á sig sjö mörk í þrettán leikjum.

„Það er ljóst að Ívar er einn af þeim fyrstu sem Steve Coppell [stjóri Reading] velur í liðið í hvern einasta leik. Coppell treystir honum greinilega enda hafa þeir unnið lengi saman. Þetta er

þriðja liðið sem Coppell stýrir með Ívar innanbörðs. Vörnir er gríðarlega sterk og Ívar hefur spilað mjög vel,“ sagði Brynjar Björn, sem gekk til liðs við Reading í sumar frá Watford. Ívar ákvað í fyrrahaust að gefa ekki kost á sér í landsliðið þar sem hann var meðal annars ósáttur við að fá ekki fleiri tækifæri í byrjunarliðinu og hefur hans verið sárt saknað í vörminni sem hefur verið eins og gatasigti.

Brynjar Björn er annars mjög ánægður með dvölinni hjá Reading. „Eigandi Reading hefur lagt mikinn pening í liðið undanfarin ár og það er ákveðin pressa að koma því upp í úrvalsdeild. Hér er nýr leikvangur og ný og glæsileg æfingaaðstaða og því ekkert til sparað. Það kitlar að komast upp í úrvalsdeildina og spreyta sig þar. Við eigum að geta farið alla leið.“

Þess má geta að Brynjar Björn var valinn í lið vikunnar í ensku 1. deildinni hjá mörgum enskum fjölmiðlum.

ÚR SPORTINU

Skoski kylfingurinn Colin Montgomerie er kominn á topp tuttugu á styrkleikalista kylfinga í kjölfar sigurs á Dunhill-meistaramótinu á sunnudag. Montgomerie, eða Monty eins og hann er ætíð kallaður, er nú í sextánda sæti heimnlistans en hann hafði verið útlægur frá topp tuttugu sætum hans í rúm tvö og hálf ár. Skotinn, sem nú er 42 ára, var í 83. sæti heimnlistans um áramótin en hann var í öðru sæti á heimnlistanum árið 1996 og 1997. Hann er af mörgum álitinn besti kylfingurinn sem aldrei hefur unnið risamót.



Íslenska landsliðið í knattspyrnu skipað leikmönnum 19 ára og yngri, tapaði í gær fyrir Búlgaríu 1-0 í undankeppni EM sem fram fer í



Sarajevó í Bosnía Herzegovínu. Markið kom á 50. mínútu leiksins úr vítaspyrnu, en Haukur Páll Sigurvinsson, leikmaður Þróttar, fékk að líta rauða spjaldið eftir að

hafa handleikið knöttinn innan teigs sem leiddi til vítaspyrnunnar. Kópavogsbúarnir Rúrik Gíslason og Guðmann Þórisson fengu báðir að líta gula spjaldið. Næsti leikur liðsins er á morgun gegn Króötum.

Knettspyrnugóðsögnin George Best liggur nú þungt haldin á sjúkrahúsi vegna magasykingar. Roger Williams lækni sagði í gær að ástand hans væri alvarlegt. „Best er alvarlega veikur enþá en virðist þó vera á hægum batavegi.“ Best hefur um árabíl glímt við áfengissýki og hefur drukkíð mikið síðustu mánuði eftir að kona hans fór frá honum. Sonur George Best, Calum, segir föður sinn þurfa á stuðningi að halda. „Hann hefur alltaf sýnt vilja til þess að ná sér að fullu.“

Ívar Ingimarsson segir að ekkert hafi breyst varðandi íslenska landsliðið: Ívar fyrirliði Reading gegn Sheffield United

FÓTBOLTI „Það hefur ekkert breyst varðandi landsliðið hjá mér. Asgeir [Sigurvinsson] kom og hitti mig en þar við situr,“ sagði Ívar Ingimarsson, leikmaður Reading, í samtali við Fréttablaðið. Ívar neitaði því ekki að hann væri til í að endurskoða ákvörðun sína á seinni stigum.

Ívar hefur verið eins og klettur í vörn Reading í 1. deildinni og Steve Coppell lét hann hafa fyrir-

liðabandið gegn Sheffield United um helgina. „Bakvörðurinn Graeme Murty, sem verið hefur fyrirliði, meiddist í þarsíðasta leik gegn Southampton í fyrri hálfleik og þá fékk ég fyrirliðabandið því varafyrirliðinn Steve Siddwell var einnig meiddur. Það má því segja að ég sé annar varafyrirliði. Þetta var stórleikur um helgina og virkilega gaman að vinna efsta liðið fyrir landsleikja-

fríið,“ sagði Ívar, sem fær þriggja daga frí um helgina.

Hann hrósar Brynjari Birni í hástert og segir að liðið hafi spilað mun betur eftir að hann jafnaði sig af meiðslum og kom inn í liðið. „Brynjar hefur smellið rosalega vel inn í þetta og gaman fyrir hann að skora gegn Sheffield United. Hann hafði ekki einu sinni skorað á æfingum fyrir leikinn.“

SLOGGI TILBOÐ

95% Baumwolle
coton
cotton
bomuld
puuvillaa
katöen
cotone
algodon
algodão
βαμβάκι

5% Elastan
élasthanne
elastane
elastan
elastaania
elastaan
elastam
elastano
elastano
ελαστών

sloggi

3

ÚTSÖLUSTADIR SLOGGITILBOÐ MAXI:

HAGKAUP SMÁRALIND
HAGKAUP SKEIFUNNI
HAGKAUP KRINGLUNNI
HAGKAUP SPÖNGGINNI
HAGKAUP GARDABÆ
HAGKAUP EIÐSTORGI

HAGKAUP AKUREYRI
NETTÓ, AKUREYRI
NETTÓ, MIÓDD
NETTÓ, AKRANESI
NÓATUN SELFOSSI
KJARVAL KIRKJUBÆJARKLAUSTRI
FIARÐARKAUP HAFNAFIRDI

ÚRVAL KEFLAVÍK
ÚRVAL HAFNAFIRDI
ÚRVAL EIGILSSTÖÐUM
ÚRVAL HRÍLSALUNDI
ÚRVAL HÚSAVÍK
ÚRVAL DALVÍK
ÚRVAL ÓLAFSFIRDI
ÚRVAL ÍSAFIRDI

ÚRVAL SIGLUFIRDI
ÚRVAL BORGARNESI
ÚRVAL BLÖNDUÓSI
ÚRVAL FÁSKRÚÐSFIRDI
KAUPFÉLAG V-HÚNV.
AG V-HÚN HVAMMST.
KAUPFÉLAG SKAGF. SAUÐÁRKR.
KAUPFÉLAG STEINGRÍMSFIARÐAR,
HÓLMÁV.

KAUPFÉLAG STEINGRÍMFIAR.
DRANGSN.
LÆKURINN NESKAUPSTAÐ
EFNALAUG DÓRU, HÖFN
HEIMAHORNID, STYKKISHÓLMÍ
LYFJA, PATRÓ.
PALOMA GRINDAVÍK
FATABÚDIN ÍSAFIRDI
VERSLUNN RANGÁ, SKIPAS. 56
H-SEL LAUGAVATNI

ÞÍN VERSLUN, SELJABRAUT RVK.
PLÚS MARKAÐURINN, HÁTÚNI 106
GAMLA BÚÐIN, HVOLSVELLI
DALAKJÖR BÚBARDAL
KASSINN ÓLAFSVÍK
VERSLUNIN STRAX, FLÚÐUM
KLAKKUR VÍK
RAFLOST, DJÚPAVOGI
BJARNI EIRÍKS, BOLUNGARVÍK
EINAR ÓLAFSS, AKRANESI

Sloggi tilboð
Sloggi maxi
Þrjár í pakka
á aðeins
1.699 kr.

CONFIDENCE IN TEXTILES
Passed for harmful substances according to Oeko-Tex standard 100 No. 23 827

Breyttur afgangslutími í Skaftahlíð 24

Virka daga kl. 8–18.

Helgar kl. 11–16.

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
OG ER OPINN ALLA DAGA FRÁ KL. 8–22.



FRÉTTABLAÐIÐ

vísir

FIGUR/SÍJA F1014418

www.ru.is/simennt

SÍMENNT HR

Hagnýtt námskeið - Fjármál fyrirtækja

Símennt HR býður upp á námskeið á haustönn 2005 sem er metið til þriggja eininga á háskólastigi:

Fjármál fyrirtækja

Fjármálafræði og fjármálastjórnun verða kynnt fyrir nemendum auk þýðingar þeirra fyrir atvinnurekstur. Leiðbeinandi á námskeiðinu er Sigurður Atli Jónsson, kennari við Viðskiptadeild HR.

- Námskeiðið er sniðið fyrir þá sem hafa hug á að byrja í háskólanámi.

Kennsla fer fram í Háskólanum í Reykjavík við Ofanleiti 2: **Fjármál fyrirtækja: 11. október - 24. nóvember.**

Verð: 65.000,-

Þátttökuskilyrði er stúdentspróf.

Frekari upplýsingar veitir:
Charlotta Karlsdóttir
Beinn sími: 599 6258
Skiptiborð: 599 6200
Charlotta@ru.is
www.ru.is/simennt



Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Prautin er leyst með rökhusun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

3	7	2	5	4	8	6	1	9
5	6	1	9	3	2	7	8	4
8	4	9	6	7	1	3	2	5
1	9	8	2	5	7	4	6	3
7	2	6	3	1	4	5	9	8
4	5	3	8	9	6	1	7	2
2	3	5	7	6	9	8	4	1
9	1	7	4	8	5	2	3	6
6	8	4	1	2	3	9	5	7

4		5	7	9				2
	9				2	4	3	
	7	6						
2	5		1		6			4
8			4		5			1
9		1		3				7
					1			8
	8	5	3					1
3			8	2	7			6

STUÐ MILLI STRÍÐA System bolaget

KRISTJÁNI HJÁLMASSYNI LIÐUR EINS OG Á LISTASÝNINGU ÞEGAR HANN FER Í RÍKIÐ.



System bolaget, Áfengis- og tóbaksverslun þeirra Svía, fagnar um þessar mundir fimmtíu ára afmæli sínu. Eftir því sem ég kemst næst eru til tvenns konar Bolagsbúðir - nútímalegar og gamaldags.

Í nútímalegu verslunum getur fólk valsað um á milli áfengra drykkja, skoðað úrvalið, handleikið umbúðirnar og valið sjálft úr hillunum. Helsti munurinn á nútímalegu Bolags-verslunum og íslensku Vínbúðunum er sá að þegar viðskiptavinir setja vörurnar upp á afgreiðsluborðið verða þeir að láta strikamerkin á þeim snúa að sér. Þetta virðist í fyrstu held-

ur kjánalegt en þegar betur er að gáð er þetta gert til að flýta fyrir afgreiðslunni.

Hin tegundin af Bolags-verslunum eru allt öðruvísi. Þær minna frekar á gamla Ríkið eins og það var á Íslandi fyrir tuttugu árum eða svo. Þá er aðeins einu eintaki af hverri vöru stillt upp í þar til gerðum sýningarskáp fyrir fram-afgreiðsluborðið sem viðskiptavinirnir virða fyrir sér úr hæfilegri fjarlægð. Þegar rétta varan er fundin tekur viðskiptavinurinn númer og bíður eftir að röðin komi að sér. Þá er rætt við nokkurs konar þjónustufulltrúa sem sækir vörurnar á lager og réttir þær síðan yfir afgreiðsluborðið þegar hann er búinn að taka við greiðslu.

Það eru þó nokkrir Íslendingar

sem láta svona gamaldags aðferðir fara í taugarnar á sér. Hjá þeim er það nútíminn sem gildir.

Ég verð hins vegar að viðurkenna að mér finnst ákveðinn sjarmi yfir gömlu búðunum en þær mig óneitanlega á listasýningar. Viðskiptavinir valsa um í rölegheitum og virða það sem fyrir augu ber af mismikilli kunnáttu. Sumir strjúka hökuna íhugulir á svip meðan aðrir líta yfir gleraugun til að geta greint listaverkin betur. Ég hins vegar, eins og á öðrum listasýningum, labba framhjá hverju verkinu á fætur öðru þar til að afgreiðsluborðinu er komið. Þar bið ég kannski um fjóra bjóra og eina ódýra rauðvín, án þess að hafa hugmynd um alla dýröina sem framhjá mér fer. ■

myndasögur

■ PONDUS

Eftir Frode Överli



■ GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ PÚ OG PA

Eftir SÖB



■ KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



■ BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



Guðmundarvaka á Kringlukrá

Guðmundur heitinn Ingólfsson lék mikið á Kringlukránni og þar hélt bandaríski píanistinn Jon Weber tónleika honum til heiðurs á RÚREK djassháttfönni 1992. Nú er Jon hér í heimsókn í tilefni af þrjátíu ára afmæli Jazzvakningar og lék með hollenska píanistnum Hans Kwakkernaat á Hótel Sögu á stórglæsilegum tónleikum sl. föstudagskvöld. Á þriðjudags- og miðvikudagskvöld mun hann leika með hljómsveitinni Guðmundarvöku á Kringlukránni. Hljómsveitina skipa auk Jóns þeir Björn Thoroddsen gítarleikari, Gunnar Hrafnsson bassaleikari og Guðmundur Steingrímsson trommari. Á efnisskránni eru verk eftir Guðmund, klass-

ísk djasslög sem hann lék oft og íslensk sönglög sem hann fór næmum höndum um.

Vegur Jóns Weber hefur farið vaxandi hin síðari ár og nýjasti geisladiskur hans hefur fengið afburðadóma víða um heim og þar leika ekki síðri kappar en Niels-Henning Ørsted Pedersen og Roy Hardgrove með honum svo einhverjir séu nefndir.

Það er víst að sveiflan verður heit á Kringlukránni þessi kvöld. Tónleikarnir hefjast klukkan 21.



JON WEBER
Leikur með hljómsveitinni Guðmundarvöku á Kringlukránni í kvöld og annað kvöld.

Hinn tæri einfaldleiki

LEIKLIST

VALGEIR SKAGFJÖRD

Leikhúsið Skámáni sýnir í lönó **Ég er mín eigin kona**

Höfundur: Dough Wright / **Dýðing:** Guðni Kolbeinsson / **Leikstjóri:** Stefán Baldursson / **Leikmynd:** Grétar Reynisson / **Búningar:** Dýrleif Ýr Örylgsdóttir og Margrét Einarssdóttir / **Lýsing:** Björn Bergsteinn Guðmundsson / **Leikari:** Hilmir Snær Guðnason

Niðurstaða: Finlega ofin og þokkafull sýning sem þó er einhvern veginn svo stórbrotin í einfaldleika sínum.

Þýskur menningarheimur hefur fengið nokkurt rúm í íslensku leikhúsi á undanförunum miss-erum og á föstudaginn 30. sept. sl. var frumsýndur bandarískur einleikur um þýska klæðskiptinginn Charlotte von Mahlsdorf eða Lothar Berfelde sem lifði af bæði nasismann og kommúnismann í Þýskalandi klæddur í kjól og hælahaá skó, eins og komist er að orði í leikverkinu. Saga þessa manns/konu er áhugaverð og er hér flutt sem einleikur af Hilmi Snæ Guðnason. Leikverk þetta hefur hlotið margvísleg verðlaun og viðurkenningar enda er það ágætlega skrifað og greinilegt að höfundur hefur hrifist mjög af sögu Charlotte. Reyndar svo mjög að hann teygir loppann helst til lengi um miðbik beggja þáttanna og stundum þóttu mér upplýsingarnar bera söguna ofurlíði. Kaflarnir eru misáhuga-verðir en sagan heldur samt ótrúlega, en hér veldur sá sem heldur.

Áferð sýningarinnar er fyrst og fremst einföld og til þess gerð að nálgast hugblæ verksins sem best og kveikja tilfinningu áhorfandans fyrir hinum horfna tíma án þess að nokkurn tíma þurfi að grípa til einhverra tæknilegra sjónhverfinga.



HILMIR SNÆR Í HLUVERKI CHARLOTTU VON MAHLSDORF Stundur einn á sviðinu í lönó og skiptir á milli 35 hlutverka eins og ekkert sé

Enn fær Grétar Reynisson plús í kladdann. Hér fær ímyndunarafli áhorfandans að vakna til lífsins og á stundum hefði leikstjórinn mátt treysta því enn betur, því á vorum dögum er það okkur orðið svo tamt að lesa úr myndmáli, táknmáli, líkingamáli o.s.frv. Þannig að óþarflega oft fannst mér höfundurinn sjálfur troða sér inn í atburðarásina til að útskýra gang mála og segja áhorfandanum sögu sína í stað þess að leyfa Charlottu að lifa sögu sína sjálfa. Eflaust sýnist sít hverjum um þennan þátt verksins.

Hitt er svo annað mál að ekki skortir neitt á að sýningin sé frambærileg. Hilmir Snær hefur slíka þjálfun í að bera uppi stórar og miklar leiksyningar að honum verður ekki skotaskuld úr því að túlka Charlottu og draga upp úr skúffum sínum fjölskrúðugt persónugallerí til að gera þessa sýningu að góðri leikhúsupplifun. Hann hefur einstaklega gott vald á tján-

ingartækjum leikarans og að komast upp með að leika svona langa sýningu sem borin er uppi af texta sem fluttur er á næstum brotinni íslensku með tilvísun í alls konar hreima og erlend blæbrigði er hreint ótrúlegt. Hilmir Snær hefur enda reynslu af því að leika á þýsku og fleiri tungumálum en mikla þolinmæði og nákvæmni vinnu þarf til að skila svona túlkun.

Hilmir gerir fleira í þessari sýningu en það sem kannski er eftirtektarverðast að mínu mati er hin hárfína lína sem hann dansar á. Fyrir minn smekk hefði ég viljað heyra fleiri tala „eðlilega“ en ég kaupi fullkomlega hinn þýskuskotna texta Charlottu enda er hann bæði myndinn og „sannur“ alveg í gegn. Hér er nostrað við hvert einasta smáatriði hvar sem borði er niður og útkoman eins og áður sagði: finlega ofin og þokkafull sýning sem þó er einhvern veginn svo stórbrotin í einfaldleika sínum.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

OKTÓBER

1 2 3 4 5 6 7

Þriðjudagur

TÓNLEIKAR

- 21.00 Bandaríski píanistinn Jon Weber leikur á Kringlukránni ásamt hljómsveitinni Guðmundarvöku. Á efnisskránni eru verk eftir Guðmund Ingólfsson.

SKEMMTANIR

- 20.00 Tangósveit lýðveldisins heldur tangókvöld í lönó. Að venju er boðið upp á leiðsögn í dansi fyrsta klukkutímanna en síðan stíga þeir Hjörleifur Valsson fiðluleikari, Tatu Kantomaa bandoneonleikari, Ástvaldur Traustason harmónikuleikari, Vignir Þór Stefánsson píanóleikari og Gunnlaugur T. Stefánsson kontrabassaleikari á svið og leika fyrir dansi.

FYRIRLESTRAR

- 16.00 Dr. Klaus von See skýrir frá reynslu sinni sem norrænufræðingur

í Þýskalandi að lokinni síðari heimstyrjöld í fyrirlestri, sem haldinn verður í Óskju í boði Hugvísindadeildar Háskóla Íslands.

- 17.00 Grafíski hönnuðurinn Xiao Yong fjallar um eigin verk í fyrirlestri í Listaháskóla Íslands, Skipholti 1, stofu 113.

FUNDIR

- 13.10 Svövuþing verður haldið í Skriðu í Kennaraháskóla Íslands í tilefni þess að Svava Jakobsdóttir, rithöfundur og alþingismaður. hefði orðið 75 ára í dag.

SAMKOMUR

- 20.00 Sveinn Snorri Sveinsson ljóðskáld les úr bæði útgefnum og óbirtum verkum sínum á 39. Skáldaspírukvöldinu, sem verður haldið í bókaversluninni lðu við Lækjargötu. Þá munu þeir Gunnar Randversson ljóðskáld og píanökennari og Guðmundur Björgvinsson myndlistarmaður og rithöfundur leika nokkur lög á gítar.

- 20.00 Feministafélag Íslands heldur sitt mánaðarlega "Hitt" á Kaffi Rosenberg. Rætt verður um

kosningu til sveitastjórna næsta vor. Framsógufolk verður frá fjórum af fimm stjórnmálaflokkum.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur eftir Ána Ibsen

7. sýn fös 7 okt Örfá sæti
8. sýn lau 8 okt Örfá sæti
9. sýn fös 14 okt Örfá sæti
10. sýn lau 15 okt
11. sýn fös 21 okt
12. sýn lau 22 okt

Miðapantanir í síma 555 2222 og á midl.is

Leikhópurinn Á senunni í samstarfi við SPRON

Kabarett
í Íslensku óperunni

Lau. 8. október kl. 20 (örfá sæti laus)
Lau. 15. október kl. 20
Lau. 22. október kl. 20

Miðar í síma 511 4200 og á www.kabarett.is

Tökinn hert THE TURN OF THE SCREW
EFTIR BENJAMIN BRITTEN

25 ára og yngri:
50% afsláttur af miðaverði í sal

21. okt. kl. 20 - Frumsýning
23. okt. kl. 20 - 2. sýning - 30. okt. kl. 20 - 3. sýning
4. nóv. kl. 20 - 4. sýning - 6. nóv. kl. 20 - 5. sýning
12. nóv. kl. 20 - 6. sýning - Lokasýning

Kynning fyrir sýningar á Tökinn hert, 2. - 6. sýning
Kl. 19.15 - Stutt kynning á verkinu og uppsetningu þess.
Kynningin fer fram á sviðinu og er innifalin í miðaverði.

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Íslenska óperan | V/Ingólfstræti | Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík | Sími: 511 6400

ÍSLENSKA ÓPERAN

Avaxtakarfan
Í AUSTURBÆ
Síðustu sýningar
Jónsi
Immi Árnæs

...Ég er voldugur og líka holdugur.
Enginn hér er betri en ég.
Ég um mig frá mér til mín.
Það getur enginn fjafnast á við mig...

SPARISJÓÐURINN | IsMedia

Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl. 13 til kl. 17
pantanir í síma 551 4700
www.midi.is

Athugið síðustu sýningar
Sunnudagur 9. okt. kl: 13:30
Sunnudagur 23. okt. kl: 13:30
www.avaxtakarfan.is

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

EDITH PIAF
Fös. 7/10 uppselt, lau. 8/10 uppselt sun. 16/10, sun. 23/10. Sýningum lýkur í október.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 9/10 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 16/10 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 23/10 nokkur sæti laus, lau. 29/10 kl. 20:00.

HALLDÓR Í HOLLYWOOD
Frumssýning fös. 14/10 uppselt, 2. sýn. lau. 15/10 örfá sæti laus, 3. sýn. fim. 20/10 örfá sæti laus, 4. sýn. fös. 21/10 örfá sæti laus, 5. sýn. lau. 22/10 örfá sæti laus, 6. sýn. fim. 27/10 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 28/10 örfá sæti laus.

LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00

KODDAMAÐURINN
Fim. 6/10 nokkur sæti laus, fös. 7/10 örfá sæti laus, lau. 8/10, sun. 16/10, þri. 18/10 uppselt, mið. 19/10 uppselt, sun. 23/10, mið. 26/10 uppselt. Sýningum lýkur í október.

MIDASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIDASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ
KALLI Á PAKINU
e. Astrid Lindgren
Sun 9/10 kl. 14, Sun 16/10 kl. 14, Lau 22/10 kl. 14, Su 23/10 kl. 14

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ
MANNTAFL
Fö 7/10 kl. 20, Fö 14/10 kl. 20, Lau 15/10 kl. 20

WOYZECK - FÖRSÝNING
Frumssýnt í London 12. okt. og á Íslandi 28. okt.
Miðaverð á forsýningar aðeins kr. 2.000,-
Fí 27/10 kl. 20.

HÍBYLI VINDANNA
Aðeins þessar 4 sýningar eftir
Fö 7/10 kl. 20, Su 16/10 kl. 20,
Fí 20/10 kl. 20, Su 23/10 kl. 20

SALKA VALKA
Fí 15/10 FRUMSÝNING UPPSELT,
Mí 19/10 kl. 20 Styrktarsýning MND félagið á Íslandi,
Fö 21/10 kl. 20, Lau 22/10 kl. 20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Fí 6/10 kl. 20 UPPSELT, Lau 8/10 kl. 16 Aukasýn
Lau 8/10 kl. 20 UPPSELT, Su 9/10 kl. 20 UPPSELT,
Sun 16/10 kl. 20 UPPS., Sun 23/10 kl. 20 UPPS.
Þri 25/10 kl. 20 AUKASÝNING

LÍFSINS TRÉ
Fö 21/10 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Lau 22/10 kl. 20, Fí 27/10 kl. 20, Fö 28/10 kl. 20

Sími miðasölu 568 8000
midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20
miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudag

TVENU TILBOÐ
Ef keyptur er miði á Híbyli vindanna og Lífsins tré fæst sérstakur afsláttur



Poppgóðið og Íslandsvinurinn Robbie Williams.

Nýr lagasmiður

Poppgóðið Robbie Williams er kominn með nýjan lagasmið, Bretann David Walliams. Segir stórblaðið Sun að þeir Robbie og David hafi þegar samið nokkur lög og verði sum þeirra á næstu plötu Robbies.

David þessi Walliams kom fram í nokkrum söngleikjum hjá National Young Theatre í Bretlandi á árum áður, þar sem hann kynntist gamanleikaranum Matt Lucas.

„Robbie og David hafa verið góðkunningjar árum saman og loks farnir að semja tónlist í sameiningu,“ segir heimildarmaður Sun um samstarfið.

„Þetta byrjaði hálfpartinn í gríni því þeir hlæja heil ósköp í nærveru hvor annars, en svo kom í ljós að þeir vinna frábærlega saman og eftir það hafa lögín streymt eins og heitar lummur. Ekkert hefur verið fastnegt hvað gera eigi við lögín, en Robbie segist hiklaust munu nota nokkur þeirra á næstu plötu, ef þau reynast vera jafn góð og lítur út fyrir að vera.“



SPEKINGARNIR SPIJALLA Svanhildur Konráðsdóttir og eiginmaður hennar Ali Amoushahi, arkitekt, voru mætt og ræða hér við Dimitri Epidemes sem er einn virtasti „programmer“ í heiminum.



KIAROSTAMI Í GÓÐUM HÓPI Dimitri Epidemes, leikstjórinn Abbas Kiarostami, Hrönn Marínósdóttir, framkvæmdastjóri hátíðarinnar, og Elisa Resegoti voru ánægð með viðtökur.



VEGIRNIR OPNIR Pau Valur Valtýsson og Inga Dóra Jónsdóttir voru mætt til að fylgjast með opnun ljósmyndasýningar Abbas Kiarostami

Vegirnir opnaðir í húsi orkuveitunnar

Leikstjórinn heimsfrægi, Abbas Kiarostami, kom til landsins á laugardag og opnaði ljósmyndasýningu sína, Vegir Kiarostami, í nýjum sýningarsal Orkuveitu Reykjavíkur. Að sögn Hrönn Marínósdóttur, framkvæmdastjóra Alþjóðlegru kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík, var mjög góð stemning og góð mæting. „Bardúkkah spilaði íranska tónlist og stuttmynd Kiarostami,

Vegirnir, Evrópufrumsýnd,“ segir hún. Leikstjórinn hefur eytt sínum tíma í að skoða landið og fór meðal annars á Þingvelli með myndavélina sína. „Hann er svo hrifinn að hann er að spá í að framlengja ferðinni um einn dag,“ sagði Hrönn. Í gær var svo haldið Masterclass námskeið með Kiarostami í Háskóla Íslands, þar sem Friðrik Þór Friðriksson kynnti verk leikstjórans.



IRÖNSK STEMNING Í ORKUVEITUNNI Hljómsveitin Bardúka, með Hjörleif Valsson í fararbroddi, spilaði írönsk lög fyrir gesti og gangandi.

20% afsláttur í næstu verslun

Smjörvi
Símjúkur á brauði og í baksturinn.
Nettóþyngd 300g

...símjúkur á brauðið

Keira ræðir kynlíf við mömmu



Breska leikkonan Keira Knightley segist vera svo nán móður sinni að þær sitji tímum saman í smök og tali um kynlíf.

„Mamma er smá klikk, en á góðan hátt,“ sagði Keira við Esquire-tímaritið. „Hún er þessi afslappaða hippatýpa og þótt ég hafi ekki séð bíómyndina Meet the Fockers, er ég nokkuð á því að mömmu svipi til persónu Barböru Streisand í myndinni.“

Í viðtali við Esquire segir Keira æskuheimilið hafa verið þann stað sem bróðir hennar og hans vinir máttu sitja að sumbli á unglingsárunum.

„Á meðan ræddum við mamma um kynlíf. Þá kom hún upp í herbergið mitt, lét mig rúlla upp sígarettum fyrir sig og bauð mér eina sér til samlætis. Kannski ekki dæmigerð né ákjósanleg mæðgnasamskipti, en við erum óskaplega nánar og góðar vinkonur.“

Breska leikkonan Keira Knightley.

Fréttablaðinu finnst...



...að fólk ætti að drífa sig á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðina í Reykjavík. Urmull er af góðum kvikmyndum sem ekki sjást á hverjum degi. Einstakur menningarviðburður í Reykjavíkurborg þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.



...að fólk kaupi sér Stríðsmenn Salamis eftir Javier Cercas. Bókin fjallar um borgarastyrjöldina á Spáni. Bláðamaður í aðalhlutverki sem ætti að gera hann forvitnilegri í ljósi umræðunnar



...að þeir sem sáu Himnaríki fyrir tíu árum ættu að endurnýja kynni sín við verkið. Það er nú aftur á fjöllum Hafnarfjarðarleikhússins og hefur elst eins og gott rauðvín.



